



Bókhladan

Canon

Canon

Verð kr. 86.800 m/vsk

- Prentaþrátt: laser • A4/A5 10 umsk. í mínútu
- Prentagæðni: 600 x 600 dpi • 2400 x 600 dpi
- 250 bla. papírinnlegur • 100 bla. 8 1/2 x 11
- Vinsturinn: 2 1/2 • Hátungulagur með A4
- 1070 prentgæti (aukagæðni)
- Stýfur: Windows 95/98 / Mac / NT / OS/2 / 9x



Bæjarins besta

Miðvikudagur 29. janúar 2003 • 4. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Sindraberg

Útlitið í sölumálum að glæðast

Sushiverksmiðjan Sindraberg á Ísafirði hefur byrjað vinnslu að nýju eftir nærri tveggja mánaða hlé. Elías Jónatansson framkvæmdastjóri segir mjög svipaðan fjölda fólks starfa við framleiðsluna nú og fyrir stoppið. Framleiðslan var stöðvuð í byrjun desember vegna þess að salan hafði verið minni en framleiðslu nam og því höfðu birgðir safnast upp. Elías segir söluhorfur vera þokkalegar enda hafi salan tekið við sér eftir áramótin og útlit í sölumálum að glæðast.

„Allir sem hafa verið að vinna á Þýskalandsmarkaði hafa fundið fyrir samdrætti en það lítur betur út núna. Í Bretlandi höfum við ekki verið á neytendamarkaði eins og áður en aðrir markaðir hafa að mestu bætt upp það tap“, segir Elías Jónatansson.



Undirbúningur Skíðaviku Ísfirðinga kominn á fullan skrið

Nauðsynlegt að móta dagskrána fyrr en gert hefur verið til þessa

Að sögn Sigríðar Ó. Kristjánsdóttur, starfsmanns Skíðavikunefndar, er vinna við dagskrá Skíðaviku Ísfirðinga kominn á fulla ferð þó að hátíðin sé seint á ferðinni að þessu sinni. Segir hún að með hverju árinu sé markið sett hærra. Nú sé verið að fara yfir reynslu síðustu ára með það fyrir augum að vinna á veikleikum sem komið hafa fram á fyrri hátíðum. „Dagskráin

hefur oft gengið saman á síðustu stundu en það hefur verið annmarka í för með sér fyrir skipulagningu og kynningu. Þess vegna viljum við fá að heyra sem fyrst í þeim sem að ætla að taka þátt í dagskránni“, segir Sigríður. „Stórir viðburðir hafa átt það til að skarast og þannig hafa sumir þættir dagskránnar hreinlega orðið undir. Við leggjum áherslu á að vel

heppnuð skíðavika er hagsmunamál allra og góður undirbúningur er forsenda þess að við getum aukið veg hennar enn frekar“, segir Sigríður Ólög Kristjánsdóttir.

Skíðavika Ísfirðinga hefur átt stöðugt vaxandi fylgi að fagna undanfarin ár og er stefnt að því að gera enn betur að þessu sinni. Viðburðir eru langt frá því einskorðaðir við skíðasvæðið, heldur er jafnan

fjöldmargt á dagskránni niðri í bæ og margháttaður mannfagnaður.

Þáskarnir og þar með Skíðavikan eru nokkuð seint þetta árið en stefnt er að setningu hátíðarinnar 16. apríl. Einhverjar efasemdaraddir munu hafa heyrst vegna snjólettunnar sem verið hefur ríkjandi fram undir þetta. Snjóspáir menn blása á allt slíkt tal og lofa góðum snjó.

SAMKAUP!
einkagjafir

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP!
einkagjafir

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Fólk er misjafnt og hver hefur sína leið

– segir Inga Ósk, dúxinn við jólaútskriftina í Menntaskólanum á Ísafirði



Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5100

www.flytjandi.is • Sími 456 5100



Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamaður:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Fréttavefur:

www.bb.is

Önnur útgáfa:

Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhláðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukort.

Nefnd samgönguráðherra um samgöngur yfir Breiðafjörð

Vilja hentugri ferju á Breiða- fjörð og fjölgun ferða nú þegar



Breiðafjarðarferjan Baldur.

vegna Breiðafjarðar eigi að huga að áframhaldandi ferju-
flutningum yfir fjörðinn að
sumarlagi eftir að kominn
verður heilsársvegur við norð-
anverðan Breiðafjörð.

Einnig leggur nefndin til, í
ljósi mikilvægis ferjunnar fyr-
ir atvinnulíf og íbúa á sunn-
anverðum Vestfjörðum, að
ferðum í vetraráætlun Baldurs

verði fjölgað frá næstu mán-
aðamótum. Inn í vetraráætl-
unina bætist tver aukafærðir
á viku þangað til sumaráætlun
tekur gildi 1. júní. Í sumar
verði lagt mat á breytta áætlun
og teknar ákvarðanir um fram-
haldið.

Sturla Böðvarsson sam-
gönguráðherra skipaði nefnd-
ina til starfa og var hlutverk

hennar tvíþætt. Annars vegar
að leggja mat á þörfina fyrir
flutninga með ferjum á sigl-
ingaleið Baldurs að teknu til-
liti til uppbyggingar vegakerf-
isins um Barðaströnd og gera
tillögur um þjónustu ferjunnar
og fjölda ferða. Hins vegar að
leggja mat á nauðsynlega teg-
und skips til að mæta þeirri
þörf sem talin er verða á flutn-

ingum í þágu atvinnulífs og
íbúa, svo og í þágu ferðam-
anna. Í nefndinni sátu Krist-
ján Vigfússon, Siglingastofn-
un, Pétur Ágústsson skip-
stjóri, Einar Oddur Kristján-
son alþingismaður, Sigfús
Jónsson framkvæmdastjóri,
Magnús Valur Jóhannsson,
Vegagerðinni, og Eyrún Sig-
þórsdóttir á Tálknafirði.

Enn eykst umferðin um Strandir verulega milli ára

Aukningin nemur 38% á tveimur árum

Samkvæmt upplýsingum
frá Vegagerðinni fjölgaði þeim
sem öku yfir teljara hennar
um Strandir í grennd við Enn-
isháls um 8.800 eða um 20%
milli árunna 2001 og 2002.
Árið 2001 fóru þar um 43.800
ökutæki en 52.600 ökutæki á
árinu 2002. Árið 2000 fóru
þessa leið um 38.000 ökutæki.

Fjölgunin milli árunna 2000
og 2002 er því um 14.600
ökutæki eða rúm 38%. Á árinu
2001 mældi Vegagerðin um-
ferð um Tröllatunguheiði og
Þorskafjarðarheiði um þriggja
mánaða skeið en af einhverj-
um ástæðum fóru engar taln-
ingar fram á liðnu ári.

Þetta kemur fram á fréttavef

einkahlutafélagsins Leiðar
sem stofnað var í Bolungarvík
fyrir rúmu ári. Félaginu er ætl-
að að beita sér fyrir framþróun
í samgöngum á landi með því
m.a. að annast fjármögnun og
eftir atvikum gerð og rekstur
vega og annarra samgöngu-
mannvirkja. Helsti frumkvöð-
ull að stofnun Leiðar ehf. er

Jónas Guðmundsson sýslu-
maður í Bolungarvík, sem
hefur lengi verið mikill áhuga-
maður um bætta vegsam-
göngur fyrir Vestfirðinga og
safnað miklum gögnum þar
að lúndi.

Á vef félagsins er lýst von-
brigðum með að í þingsálykt-
unartillögu að samgönguáætl-

un fyrir næstu tólf ár er ekki
er gert ráð fyrir neinum fjár-
veitingum til vegar milli
Hólmavíkur og Gilsfjarðar um
Arnkötludal og Gautsdal.
Einnig hversu litlum fjármun-
um yfirleitt skal varið til sam-
göngubóta á Vestfjörðum á
næstu árum.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Við sættum okkur ekki við 12 ára bið!

Stór þáttur umræðunnar um virkjana- og álversframkvæmdir á Austurlandi er
umfang verksins og áhrif þess á íslenskt efnahagslíf. Hvort heldur menn eru með
eða á móti fyrirhuguðum framkvæmdum virðast menn nokkuð á einu máli um að
varfærni sé þörf í framkvæmdum á vegum ríkisvaldsins á sama tíma og þungi verk-
efnisins eystra verður mestur, á árunum 2005 og 2006.

Til að sporna gegn vaxandi atvinnuleysi hafa stjórnvöld afraðið flýta framkvæmd-
um, sem að óbreyttu hefðu bedið þensluáranna 2005 og 2006. Eitt og sér er þetta
hið besta mál. Annar handleggur er hvernig að þessu er staðið.

Í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um byggðapróun eru bætтар
samgöngur, aukin áhersla á menntun á landsbyggðinni og gagnsæ byggðastefna
þau úrræði sem skýrsluhöfundar telja vænlegust til árangurs. Samgöngubætur,
sem auka aðgengi og stytta vegalengdir, eigi að hafa forgang. Undir þetta skal tek-
ið. Á undanfönum árum hefur BB margt benti á, að greiðar samgöngur innan
héraðs og milli landshluta séu forsenda öflugra byggðakjarna; stytta beri vegalengdir
með jarðgöngum og brúa firði sem frekast er kostur.

En, takið eftir, Vestfirðingar! Á sama tíma og félagsmálaráðherra boðar flýtiútboð

framkvæmda á vegum ríkisins liggur fyrir hinu háa Alþingi vegáætlun þar sem gert
er ráð fyrir að lagningu bundins slitlags á leiðina milli Ísafjarðar og Reykjavíkur
ljúki ekki fyrr en eftir 12 ár eða árið 2014. Þar ætla menn ekki aldeilis að flýta sér.
Öðru nær. Alþingi hyggst teygja fyrirliggjandi 10 ára áætlun um 2 ár. Óskum Vest-
firðinga um verklok innan 5 ára er gefið langt nef.

Stjórnvöld hafa loks átt að sig á því að áttírnar á landakortinu eru ekki bara norður
og suður. Austur er líka til! Fjórða áttin virðist þeim þó enn að mestu hulin: VEST-
UR. Með 12 ára áætluninni, um bundið slitlag á leiðina milli höfuðstaðar Vestfjarða
og Reykjavíkur, eru fyrirheit um flýtiadgerðir í vegagerð á Vestfjörðum orðin að
markleysu. Með þessum aðgerðum ganga stjórnvöld einnig þvert á samþykktir
Alþingis um Ísafjarðarbæ sem einn af þremur byggðakjörnum á landsbyggðinni,
sem beri að efla.

Vestfirðingar fagna því að augu stjórnvalda skuli hafa opnast fyrir austrinu. Þeir
setta sig hins vegar ekki við 12 ára bið eftir þeim mannréttindum að fá vegakerfi
til jafns við aðra landsmenn.

Umræðan um trúverðugleika á við hér sem annars staðar!

s.h.

Unglingalandsmót UMFÍ

Jón Pétur ráðinn framkvæmdastjóri

UMFÍ hefur ráðið Jón Pétur Róbertsson sem framkvæmdastjóra Unglingalandsmótsins sem haldið verður í Ísafjarðarbæ í sumar. Jón Pétur lauk námi í íþrótt- og tólmstundafræðum frá Lýðháskólanum í Gautaborg á nýliðnu sumri en hefur starfað þar ytra sem knattspyrnuþjálfari frá árinu 1990. Jón Pétur segir starfið leggjast afar vel í sig og segir verkefnið vera spennandi framhald af náminu í Svíþjóð.

„Okkar hlutverk er að skapa aðlaðandi dagskrá til að fá sem flesta til að koma á svæðið. Metnaðurinn hjá okkur er mikill og við viljum fá fleiri gesti á mótið á Ísafirði en komu á síðasta mót. Ég hef fundið fyrir því að fólki finnist langt að fara vestur en við ætlum okkur að afsanna það“, segir Jón

Pétur.

Íbúafjöldi í Ísafjarðarbæ gæti tvöfaldast og jafnvel þrefaldast um verslunarmannahelgina þegar landsmótið verður haldið í bænum. Á bilinu sex til sjö þúsund manns komu á síðasta mót sem var haldið í Stykkishólmi. „Við ætlum að gera þetta almennilega og ræsum út ferðapjónustu og fyrirtæki á svæðinu í því markið að það verði spennandi fyrir ferðafólk að koma hingað. Tíminn líður hratt og það eru bara rúmir sex mánuðir í þetta og þess vegna þarf að halda mjög vel á spöðunum“, segir Hermann Níelsson, stjórnarmaður í HSV. Undirbúningur er að fara í gang og í þessari viku eru formaður og framkvæmdastjóri UMFÍ væntanlegir vestur til fundar við heimamenn.

Hafa bæjarfulltrúar aðgang að trúnaðarmálum fólks eða ekki?

Úrskurðir félagsmálaráðuneytisins stangast á

Sá úrskurður félagsmálaráðuneytisins, að trúnaðarmál í félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar sem varða einstaklinga eigi ekki að vera aðgengileg bæjarfulltrúum, stangast á við úrskurð sama ráðuneytis í svari til Bolungarvíkurkaupstaðar við sambærilegri fyrirspurn. Í svari til starfsmanna í félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu segir ráðuneytið telja ljóst, „að hvorki einstaklingsmálefni innan barnaverndarnefndar né félagsþjónustu sveitarfélagsins eiga að vera aðgengileg bæjarstjórnarfulltrúum“.

Í svari til Bolungarvíkurkaupstaðar í maí 1997 segist ráðuneytið hins vegar telja ljóst, „að sveitarstjórnarmenn

hafi óhindraðan aðgang að gögnum nefnda og ráða í sínu sveitarfélagi“. Líta verði á ákvæði sveitarstjórnarlaga sem sérstaka lagaheimild um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum, sem gangi frammar almennum ákvæðum annarra laga. Hins vegar tekur ráðuneytið fram, „að sveitarstjórnarmaður ber ríka þagnarskyldu þegar um er að ræða mál sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða samkvæmt sérstakri ákvörðun.“

Í svarinu til Bolungarvíkurkaupstaðar er gerður sá fyrirvari, að fyrir hendi geti verið gögn í máli „sem rétt er að sveitarstjórnarmaður hafi ekki aðgang að, svo sem gögn um

verulega einkahagi einstaklings, t.d. læknisvottorð, sálfræðigreining o.þ.h. Þó er nefndum, ráðum og starfsmönnum þeirra skylt að upplýsa sveitarstjórnarmann þannig um mál, að honum sé unnt að gera sér grein fyrir umfangi þess og áhrifum, t.d. á fjárhag sveitarfélagsins.“ Þessi fyrirvari nær augljóslega ekki til „einstaklingsmálefna“ í þeim skilningi sem nú var spurst fyrir um.

Ekki verður séð að neinar þær lagabreytingar hafi verið gerðar á milli þessara tveggja

úrskurða sem hafi áhrif á niðurstöðuna. Í ljósi þessara ólíku úrskurða félagsmálaráðuneytisins hefur Ísafjarðarbær óskað eftir því við starfsmann félagsmálaráðuneytisins, sem vann að úrskurðinum nú, að málið verði tekið til endurskoðunar hvað varðar trúnaðarmál félagsmálanefndar. Sú spurning kann hins vegar að vakna, hvaða tilgangi það þjóni að bæjarfulltrúar hafi aðgang að trúnaðarmálum einstaklinga, sem sérmenntaðir starfsmenn félagsþjónustu bæjarfélags hafa til meðferðar.

Tæknifyrirtækið 3X-Stál á Ísafirði

Í Fishing News International

Fishing News International birti fyrir nokkru grein um starfsemi tæknifyrirtækisins 3X-Stáls á Ísafirði. Þar er greint frá því að 3X-Stál sé ungt fyrirtæki sem hóf starfsemi sína í skúr á Ísafirði en hafi nú þróast yfir í að reka öfluga starfsemi á Ísafirði auk dótturfyrirtækja í Reykjavík og í Kanada. Bláðið segir að starfsemi 3X-Stáls í Kanada sé mestmegnis tengd rækjuíðnaði og að fyrirtækið hafi séð um framleiðslubúnað í mörgum rækjuverksmiðjum þar.

Haft er eftir Jóni Páli Hreinssyni markaðsstjóra að fyrir-

tækið sjái um allan tækjabúnað nema frýstiteki og pillunarvélur. Nýverið hafi fyrirtækið séð um byggingu heillar verksmiðju í St. Anthony og annast allan tækjabúnað í hana auk húsnæðisins sjálfs. Greint er frá því að rækjuíðnaðurinn í Kanada hafi verið í miklum vexti og því hafi fylgt talsverð fjárfesting í framleiðslutækjum. Haft er eftir Jóni Páli að Kanadamaður hafi ekki búið yfir reynslu af rækjuvinnslu en hún hafi verið stunduð um árabíl á Íslandi. Því búi 3X-Stál yfir mikilli reynslu og afar öflugum hönnunarteymi.



Árlegt þorrablót leikskólans Eyrarskjóls

Þau gerðu þorramatnum yfirleitt góð skil, börnin á Eyrarskjóli á Ísafirði, en árlegt þorrablót þeirra var haldið á fyrsta degi þorra. Dagskráin hófst með því að börnin komu saman á sal og sungu þorralög í tilefni dagsins. Innihald

troganna var hefðbundið – hangikjöt, harðfiskur, hákarl, súrmatur og annað sem tilheyrir. Jóna Lind Karlsdóttir leikskólastjóri á Eyrarskjóli segir hangikjöt og sviðasultu vera vinsælustu réttina en ótrúlega mörg börn láti ekki hákarlinn fram hjá sér fara.

Sérstaklega þykir þeim þó gott að renna þorramatnum niður með maltölinu sem haft er á borðum til hátíðabrigða. Á Eyrarskjóli hefur skapast hefð fyrir því að halda þorrablót á bóndadaginn og segir Jóna Lind það hafa verið gert í mörg ár. Þorra-

blótið er hluti af námskrá leikskólans um menningu og samfélag og mun svo vera á flestum leikskólum landsins. Það er því tæpast hættu á að neysla súrmatar og hákarls leggist af enda séð til þess að hver kynslóð fái að smakka.

Þing um Vestfirði sem „aflstöð íslenskrar sögu“ haldið í sumar

„Vestfirðir: Aflstöð íslenskrar sögu“

Ákveðið hefur verið að halda á Ísafirði í sumar víðamiklað þing um sögu Vestfirðar. Yfirskrift þingsins verður „Vestfirðir: Aflstöð íslenskrar sögu“ og munu þar allt að 20 fyrirlesarar fjalla um ýmsa þætti vestfirskrar sögu frá landnámi til nútíma. Reynt verður að leggja áherslu á tímabil og málaflokka þar sem Vestfirðir skera sig úr eða

eru í framvarðasveit sögulegrar þróunar. Um leið verður leitast við að draga upp sem heillegasta mynd af sögu svæðisins og þýðingu þess í Íslandssögunni.

Aðilar á Vestfjörðum, í Reykjavík og erlendis munu hafa samstarf um ráðstefnuna sem haldin er í tengslum við verkefnið „Vestfirðir á miðöldum“ sem hér hefur áður

verið greint frá. Þingið verður haldið um hvítasunnuna eða dagana 6.-8. júní í sumar. Þingið verður öllum opið og verður nánar kynnt þegar dagskráin og nánari tilhögun verða ákveðin.

Vatnsfjörður við Djúp var um langan aldir eitt af helstu höfðingjasetrum Íslands. Á myndinni er líkneski Ólafs konungs helga Haraldssonar,

sem var verndardýrslingur Vatnsfjarðarkirkju í kaþólskum sið. Líkneskið er í skáp og á vængjahurðum hans eru myndir af postulunum Pétri og Páli, Mikjáli erkiengli og Guðmundi Arasyni Hólabiskupi. Hugsanlegt er að átt sé við einmitt þetta líkneski þar sem Ólafslíkneski er nefnt meðal gripa Vatnsfjarðarkirkju í Vilkinsmáldaga árið 1397.

Sjálfsafgreiðsla

-2kr.

+ Safnkortsafsláttur

ESSO TILBOÐ

- Maxi tjöruhreinsir með dælu. 1 lítri 30% AFSLÁTTUR
- Þurrkublið 30% AFSLÁTTUR
- Frostvari í rúðusprautu. 1, 2,5 og 5 lítrar 30% AFSLÁTTUR

Tilboðin gilda í febrúar

SÉRSTAKT TILBOÐ!

- 1. febrúar verður -10 kr. afsláttur af hverjum eldsneytislítra

Bensinstöðin • Hafnarstræti 6 • 400 Ísafirði • Sími 455 3574



Sunnukórsballið fór fram með glæsibrag

Árlegur dansleikur Sunnukórsins á Ísafirði – Sunnukórsballið – fór fram í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld og heppnaðist afar vel, að sögn Önnu Kristínar Ásgeirsdóttur, formanns skemmtinefndar. Gestir voru liðlega 150 en veislustjórn var í höndum Magnúsar Reynis Guðmundssonar. Sunnukórinn söng undir stjórn Ingunnar

Óskar Sturludóttur og kórfélagar sáu gestum sínum fyrir skemmtiatriðum. Venju samkvæmt var boðið upp á pönnukökur og snittur en að borðhaldi loknu var dansgólfið rýmt og dansað fram á nótt undir leik hljómsveitarinnar Rósar. Myndirnar sem hér fylgja tók ljósmyndari blaðsins á þessum rótgróna og virðulega mannfagnaði.





Allur hópurinn sem tók þátt í mótinu ásamt Hermanní Níelssyni mótstjóra.

Árlegt badmintonmót TBÍ

Gamalreyndir kappar hefndu sín

Arnór Jónatansson og Sveinn Ingi Guðbjörnsson sigruðu í karlaflokki og þær Birna Pálsdóttir og Edith Guðmundsdóttir í kvennaflokki á árlegu badmintonmóti Tennis- og badmintonfélags Ísafjarðar í tvímenningi á fimmtudag í síðustu viku. Á mótinu keppu lið frá Ísafirði og Bolungarvík, fimm í karlaflokki og fjögur í kvennaflokki. Þeir Arnór og Sveinn Ingi eru gamalreyndir kappar og voru TBÍ-meistarar árin 2000 og 2001 en lentu í öðru sæti á síðasta ári, þegar Tryggvi Guðmundsson og Tryggvi Sigtrygsson sigruðu. Núna urðu sætaskipti því að þeir nafnamir urðu í öðru sæti. Þær Birna og Edith eru á hinn bóginn tiltölulega nýbyrjaðar að handleika spaðann enda önnur í menntaskóla og hin í grunnskóla. Mótið fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði. Mótstjóri var Hermann Níelsson íþróttakennari.



Meistarar TBÍ í karlaflokki 2003: Arnór Jónatansson og Sveinn Ingi Guðbjörnsson.



Meistarar í kvennaflokki: Birna Pálsdóttir og Edith Guðmundsdóttir.

Styrkveitingar Ferðamálaráðs Íslands árið 2002

Fjórir umhverfisstyrkir til Vestfjarða

Af 29 styrkjum sem Ferðamálaráð Íslands úthlutaði á síðasta ári til úrbóta í umhverfismálum á ferðamannastöðum runnu fjórir til Vestfjarða. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða fékk hálfa milljón króna vegna merkinga á gönguleiðum, Ferðapjónustan Grunnvirk fékk 175 þúsund til uppsetningar á hreinlætisadstöðu, Ingólfur Kjartansson fékk 250 þúsund vegna göngubrúar á Hlíðarhúsaá

(Innraskarðsá) á Snæfjallaströnd og Reykhólahreppur fékk 200 þúsund til salernisadstöðu við Bjarkalund. Alls var úthlutað sex milljónum króna á síðasta ári en nú er ráði að hækka þá upphæð verulega. Á síðustu árum hafa ákveðnir landshlutar komið til úthlutunar á hverju ári og voru Vestfirðir þar á meðal á síðasta ári. Á þessu ári verður ekki um slíka skiptingu að ræða

heldur er hægt að sækja um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum um allt land. Ferðamálaráð hefur nú auglýst eftir umsóknum um styrkveitingar á þessu ári og er umsóknarfrestur til 14. febrúar. Styrkir eru meðal annars veittir til uppgræðslu, salerna og roþróa, brúargerðar og bryggjusmíða, merkinga á áhugaverðum stöðum og gönguleiðum og fleiri atriða sem gagnast ferðafólki.

Átak gert á þessu ári í úttekktum á leiksvæðum barna

Sérstök áhersla lögð á öryggi og slysavarnir

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða ráðgerir á þessu ári sérstakt átak í úttekktum á leiksvæðum barna og ungmenna. Sérstök áhersla verður lögð á öryggi og slysavarnir og leikföng og leiktæki.

„Slys á börnum og ungmennum á Íslandi eru algeng og því ekki vanþörf á að kanna hvernig staðið er að manngerðu umhverfi barnanna“, segir í bréfi Antons Helga-

sonar, heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða, til bæjaryfirvalda í Ísafjarðarbæ. Þar kemur einnig fram, að á síðasta ári hafi megináhersla verið lögð á að skoða eldhúsaðstöðu í leikskólum og skólum sem hafi mjög víða verið ófullnægjandi. Fram kemur, að Vinnueftirlitið hafi fyrst og fremst eftirlit með öryggi og aðbúnaði starfsmanna. Töluverð skörun hljóti að vera í eftirliti þar

sem bæði nemendur og kennarar vinna í sama rými en hana hafi eftirlitin leyst með samvinnu og samráði. Í ákveðnum tilvikum fara Vinnueftirlit og Heilbrigðiseftirlit saman til eftirlits í skólum og leikskólum. „Skörun vegna eftirlits með leiktækjum á ekki að vera fyrir hendi þar sem yfirleitt er ekki gert ráð fyrir að kennarar séu að þríla í leiktækjum“, segir í bréfinu.



Beata ásamt samstarfsfólki sínu úr Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Lúðrabýtur um miðnætti í miðbæ Ísafjarðar

Beata Joó heimsótt á fertugsafmælinu

Það var röggssamleg (og nokkuð hávaðasöm) sveit samstarfsfólks Beötu Joó úr Tónlistarskólanum á Ísafirði sem gekk á fund hennar undir miðnættið á föstudagskvöld til að samfagna henni á fertugsafmælinu hennar. Undir lúðrabýt Vadims Fjodorovs stóð hópurinn fyrir utan heimili Beötu í Aðalstræti 19, sem gengur í daglegu tali á Ísafirði undir nafninu Málara-

blökkinn, þar til afmælisbarnið varð vart við fyrirganginn og gekk út svalir. Hún hafði engan grunhaft um það sem til stóð og brást hin gladaða við þessu „ónæði“. Öllum var boðið til stofu þar sem tímamótunum var fagnað með Beötu og fjölskyldu hennar. Beata, sem er ungversk að ætt og uppruna, hefur starfað um árabil við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Hún hefur sett

mikinn svip á tónlistarlíf bæjarins, kennt fjölmörgum píanóleik og stjórnaði um tíma Sunnukórnum á Ísafirði.

Misritun í frétt um afföll húsbrefa

Í síðasta tölublaði Bæjarins Besta var rangt með farið í frétt um afföll af húsbrefum á blaðsíðu 3. Var þar sagt að ávöxtunarkrafa húsbrefa væri um 3% í dag en hafi verið um 12% í apríl. Þarna víxluðust hugtökin ávöxtunarkrafa og afföll. Hið rétta er að afföll húsbrefa eru um 3% í dag en voru um 12% í apríl.

Þó stendur það að ávöxtunarkrafa húsbrefa er með lægsta móti um þessar mundir líkt og afföll þeirra. Erú Íslensk verðbréf beðin velvirðingar á þessum mistökum.

Hárgreiðslustofan á Hlíf

Stofan er opin öllum eldri borgurum 67 ára og eldri. Opnunartími er frá kl. 9-14 mánudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Tímá pantanir í sínum 456 3805 og 848 2083. Verið öll velkomin!

Kristín Oddsdóttir, hársnyrtmeistari.



SÆLKERI VIKUNNAR

ER BERGLJÓT HALLDÓRSDÓTTIR
KENNARI Á ÍSAFIRÐI

Kjúklingur með furuhnetum

Það vafðist dálítið fyrir mér að koma þessum uppskriftum á blað, því að ég er ekki alveg viss um hlutföllin. En ég held að þetta sé nokkuð nærri lagi. Það er hægt að þreifa sig áfram eftir smekk hvers og eins, t.d. hvort eigi að nota meira eða minna af sojasósu eða hunangi. Ég nota dálítið slumpaðferðina sjálf en ég vona að þetta vefjist ekki fyrir neinum. Í pastaréttinn þarf einnig að meta hversu mikið af tómötum og sveppum fólk vill hafa.

Kjúklingarétturinn

- 4 kjúklingabringur
- 1 bolli furuhnetur
- 4-6 msk sojasósa (ekki bragðsterk)
- 4-5 msk hunang
- 2 appelsínur

Furuhneturnar eru létristaðar á þurri pönnu, það þarf að passa upp á að þær brenni ekki. Kjúklingabringunar skornar í bita í fingurstærð og þeir léttsteiktir í olíu. Safinn er kreistur úr appelsínunum og hunangi og sojasósu blandað saman við. Sósunni er helld yfir kjúklingabitana og allt látið krauma um stund. Kjúklingabitarnir teknir af pönnunni en sósan látin sjóða lengur eða þar til hún þykkar aðeins. Kjúklinga-bitunum og furuhnetunum er blandað saman en sósan höfð sér.

Með þessu er hægt að hafa soðin hrísgrjón og steikta



sveppi eða pasta, ásamt léttu grænu salati (t.d. lambhaga-salati).

Pastaréttur sem gott er að hafa með

- einn pakki af Penne pasta (500 g) á móti tæpri krukku af pestósósu
- sveppir
- sólpurrrkaðir tómatar

Pastað er soðið á venjulegan hátt, vatnið síað frá og pestósósu hrætt saman við. Steiktir sveppir og sólpurrrkaðir tómatar settir út í og saltað að smekk.

Ég hefði getað haldið mataruppskriftum í BB innan fjölskyldunnar langt fram eftir vetri, því þar eru kokkar hver öðrum betri. Ég ætla hins vegar að snúa mér að samstarfsfólkinu og skora á Bryndísi Bjarnason og hennar mann, Þórð Skúlason. Það er ýmislegt gott sem hefur komið frá þeim.



Niðurstöður úr samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði

Vestfirðingar með hæstu meðaleinkunnina í stærðfræði í 7. bekk

Námsmatsstofnun hefur birt niðurstöður úr samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk grunnskóla. Þær eru ánægjulegar fyrir grunnskóla á Vestfirðum því að vestfirskir nemendur í stærðfræði í 7. bekk ná hæstu meðaleinkunn

yfir landið eða 5,1 ásamt nemendum á Norðurlandi eystra og í nágrenni Reykjavíkur.

Meðaleinkunn nemenda í 7. bekk á Vestfirðum í íslensku er jöfn landsmeðaltali eða 5,0. Vestfirðingar lenda hvergi í því að vera með lægstu einkunnina yfir landið eins

og ekki var óalgengt fyrir nokkrum árum.

Einkunnir vestfirskra nemenda í 4. bekk eru hins vegar nokkuð undir landsmeðaltali eða 4,7 í bæði stærðfræði og íslensku. Landsmeðaltalið er 5,0.

Einkunnir í samræmdu

prófunum eru á normaldreifðum kvarða á bilinu 1 til 9. Þær eru í sjálfu sér ekki vitnisburður um færni nemendanna í viðkomandi greinum heldur vitnisburður um færni þeirra í samanburði við önnur börn í landinu.

KONA VIKUNNAR

Vildi helst
eiga kraft-
mikinn
Pontiac
Trans am



Nafn: Áslaug Jóhanna Jensdóttir.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 26.06.1958.

Atvinna: Ferðaþjónusta. Rek Gistiheimili Áslaugar og Faktorshúsið í Hæstakaupstað.

Fjölskylda: Foreldrar mínir eru Helga Þuríður Marsellíusdóttir húsmóðir, stjúpfaðir er Þórður Pétursson húsasmiðameistari úr Hafnardal. Faðir minn er Jens Gunnar Pétursson bifreiðastjóri á Neskaupstað og stjúpmodír mín er Álfhildur S. Sigurðardóttir (Alfa Súdda) hjúkrunarfræðingur frá Ísafirði. Eiginmaður minn er Magnús Helgi Alfreðsson húsasmiðameistari og dæturnar eru Helga Þuríður og Rakel Guðbjörg, kaffibarþjónar hjá Kaffitári í Reykjavík og nemar á Listabraut lónskólans í Reykjavík.

Helstu áhugamál: Saga, ættfræði, góð tónlist og menn og málefni.

Bifreið: Subaru árgerð 1987.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Pontiac Trans Am fyrir mig en yngri gerð af Subaru sem fjölskyldubíl.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Sem unglingur, þá var það fornleifafræðingur eða gullsmiður, en fór síðan örstutt í Verslunarskólann!

Uppáhalds matur? Nautasteik medium rare, sushi og kínverskur matur.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Sennilega pepperoni, annars er ég hálfgerð alæta.

Uppáhalds drykkur? Cappuchino sem dæturnar laga.

Uppáhalds tónlist? Þar er af mörgu að taka t.d. Marvin, Welch, Farrar, Lifun - Trúbrot, Deep Purple, Uriah Heep ásamt ýmsum verkum í klassíkinni. Sennilega er ógerningur að skilgreina minn tónlistarsmekk.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Fyrirfinnst ekki.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Mannlífspættir í bland við fallega staði, vissir sakamálapættir og hugljúfar kvikmyndir.

Uppáhalds vefsíðan? bb.is

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Með fullri reisn.

Fallegasti staður hérlendis? Ísafjörður í öllum sínum fjölbreytileika.

Fallegasti staður erlendis? Þeir eru svo margir t.d. er San Franscisco mjög sjarmerandi.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Svolítið.

Uppáhalds heimilistækni? Tölvan.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Grúska í bókum og ritum.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Óheiðarleiki, rangindi og þegar er verið að niðast á fólki. Það hefur með réttlætiskennð mína að gera.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Held mig heima eða fer út á meðal fólks, eftir því hvernig ég er stemmd.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Það er nú ekkert sérstakt sem ég man eftir, en ýmis skondin atvik hafa komið upp í gegnum tíðina.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Það er sjálfsagt ekki hægt að breyta miklu á einum degi.

Lífsmottó? Réttlæti, lýðræði, sannfæring og boðskapur sögunnar um Pollyönnu.

Bæjarráð Bolungarvíkur

Unnið að hugmyndum um framtíð Víkurbæjar

Bæjarráð Bolungarvíkur tók til umræðu á fundi sínum í síðustu viku málefni Félagsheimilisins Víkurbæjar. Var þar rætt um eignarhald og framtíð hússins og bæjarstjóra falið að ræða við húsvörð um ástand þess og notkun. Einar Pétursson bæjarstjóri segir að ætlunin

sé að taka upp viðræður við aðra eigendur um framtíðarhugmyndir um rekstur og eignarhald þess.

„Það er verið að hugsa um að fá einhverja lendingu í því hvernig málefnum félagsheimilisins verður hátt að í framtíðinni“, sagði Einar Pétursson, bæjarstjóri.

Tvenn jarðgöng hugsanleg

Vinnuhópur um öryggismál Djúpvegjar milli Bolungarvíkur og Súðavíkur hefur lokið störfum. Hópurinn gerði úttekt á hættu vegfarenda af snjóflóðum, skriðuföllum og grjóthruni og fjallaði um leiðir til úrbóta og kostnað við þær.

Samkvæmt skipunarbréfi hópingsins var honum annars vegar falið að fjalla um úrbætur í þeim dúr sem unnið hefur verið að undanfarin ár og hins vegar að fjalla um úrbætur sem væntanlega gæfu fyllsta árangur en kynnu að vera mjög dýrar. Var hópurinn skipaður af vegamálastjóra að beiðni samgönguráðherra í til-efni af endurskoðun vegáæt- unar.

Í vinnuhópnum voru Gísli Eiríksson frá Vegagerðinni, formaður, Ágúst Kr. Björns-son fyrir Súðavíkurhrepp, Ólafur Kristjánsson fyrir Bolungarvíkurkaupstað og Jón Helgason frá Vegagerðinni.

Farið er yfir ýmsar aðferðir til að auka öryggi vegfarenda á leiðinni og mat lagt á fjölmargar leiðir við að nota þær, bæði með tilliti til kostnaðar og áunnins öryggis. Til varnar snjóflóðum er nefnd gerð jarð- ganga, bygging vegskála og gróttur svokallaðra snjóflóða- skápa. Slík mannvirki felast í því að grafið er í hlíðina og minnir lögun gryfjunnar á

skáp. Nokkuð er um það að skápar séu notaðir ásamt hindrunarvegg í vegkanti. Hefur þessi aðferð gefið góða raun á Óshlíð. Sömu aðferðir gagnast við grjóthruni, auk netkassa, sem gefist hafa vel, og sérstakra grjóthrunsneta. Einnig er bent á uppgræðslu hlíða sem einn möguleika. Munu tilraunir Vegagerðar- innar með sáningu á lúpínu hafa gengið vel og er athug- andi í framhaldinu að hefja trjárækt á svæðinu. Það mun vera ódýr kostur og auk þess til þrýði, þó slíkar lausnir hafi ekki áhrif nema til lengri tíma litið, eðli málsins samkvæmt.

Hópurinn mælir með að ráðist verði í aðgerðir á Súða- víkurhlíð sem feli í sér að grafnir verði skápar í tutugu gil á leiðinni frá Arnarnesi inn að Arnarneshamri en síðan verði reistir vegskálar undir Fjargili og Djúpagili. Hópur- inn segir enn fremur að kostur sem feli í sér jarðgangagerð frá Naustum í Skutulsfirði að mynni Saurárdals sé mjög áhugaverður. Hann feli í sér 8 km styttingu á leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur og bjóði því upp á ýmsa hagræð- ingar- og samstarfsmöguleika á milli sveitarfélaganna, að mati starfshópsins. Einungis var lagður fram einn kostur til úrbóta á Kirkjubólshlíð og

Eyrarhlíð, en hann er sá að grafa skápa í helstu snjóflóða- gil. Starfshópurinn sér ekki möguleika á því að stytta leið- ina frá Bolungarvík að neinu marki. Hann leggur til í nið- urstöðum sínum að farin verði svokölluð vegskálaleið. Þeim möguleika verði jafnframt haldið opnum að grafa göng á milli Seljadals og Kálfadals frekar en að byggja marga vegskála. Nefndin mælir með því að fyrsta stóra fram- kvæmdin á Óshlíð verði veg- skáli yst á Skriðum.

Starfshópurinn setur fram í niðurstöðum sínum tillögur að fyrstu aðgerðum sem hann metur að muni kosta um 55 milljónir króna. Þær felast í uppsetningu á vegriði á Súða- víkurhlíð, Kirkjubólshlíð og Óshlíð. Unnið verði að hönn- un vegskála á Skriðum á Ós- hlíð. Skápar verði grafnir í tveimur giljum á Miðhlíð ofan Hniffsdalsvegjar. Skápar verði grafnir á Súðavíkurhlíð eins og hægt er án sprenginga og hindrana. Skápar verði grafnir í tvö gil á Óshlíð við Kálfad- al og undir Óshyrnu. Hind- ranir verði settar upp framan við þrjú gil á mörkuð Búðar- hyrnu og Seljadalsmynnis, auk eins gils ofan Svuntu á Óshlíð. Einnig leggur hópur- inn til að unnið verði að upp- græðslu, einkum á Óshlíð.



Göngin í gegnum Arnarneshamar voru fyrstu jarðgöng á Íslandi.

Skýrslan er ítarleg úttekt á úrbóta. Í viðauka er að finna stöðu mála og eru gerðar í fjölmargar myndir og teikn- ingar sem skýra viðfangsefn-

ið. Skýrsluna í heild sinni má nálgast á vef Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is

Björgunarsveitin Björg á Suðureyri

Vill nota skjaldarmerki Suður-eyrarhrepps notað í eigin merki

Björgunarsveitin Björg á Suðureyri hefur óskað eftir heimild Ísafjarðarbæjar til þess að nota í merki sínu hið gamla skjaldarmerki

Suðureyrarhrepps, sem nú er eitt tákanna fjögurra í byggðarmerki hins sam- einaða Ísafjarðarbæjar. Hin þrjú eru skjaldarmerki Ísa- fjarðarkaupstaðar, Flateyr- arhrepps og Þingeyrar- hrepps.

Bæjarritari hefur athugað

þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki séu neinar reglur í gildi um notkun gömlu skjaldarmerkjanna.

Ef einhver hafi vald til að heimila eða hafna notkun þeirra sé það sitjandi sveitar- stjórn í hinu nýj sveitarfélagi. Á grundvelli þessa álits leggur bæjarráð til að Björgunar-

sveitinni Björg verði heim- ilað að hafa skjaldarmerkið í sínu merki.

Suðureyrarhreppur naut ekki lengi skjaldarmerkis síns einn og sér eða aðeins liðugan áratug. Höfundar þess voru Matthías Ástþórs- son og Viðar Aðalsteinsson og var það tekið upp árið 1984. Í merkinu eru þrír fiskar og sjór undir og vísar það til helstu atvinnugrein- arinnar í byggðarluginu.




Unglingalandsmót UMFÍ 2003 í Ísafjarðarbæ

Ekki þörf á sérstök-um framkvæmdum

Ísafjarðarbær býður fram íþróttaaðstöðu sína til afnota á Unglingalandsmóti UMFÍ í sumar en ekki eru gerðar kröf- ur um sérstakar nýfram- kvæmdir af þeim sökum, segir Björn Helgason, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðar- bæjar.

„Við getum látið þetta rulla hér. Það verða einhverjar til- færingar í kringum Torfnesið en ekkert stórtækt“, segir hann. Aðalgreinar mótsins eru sund, golf, frjálsar íþróttir, körfubolti og fótbolti. Björn segir að ekki séu gerðar strangar kröfur til frjálsíþrótt- aðstöðu á mótinu en fyrir liggi að hægt þurfi að vera að keppa í hlaupi og stökkum.

Björn gerir ráð fyrir því að



eingöngu verði notast við keppnisaðstöðu á Ísafirði. „Þó að við eigum betri aðstöðu í frjálsíþróttum á Þingeyri, þá hefur UMFÍ lagt á það áherslu að mótið fari sem mest fram á sama staðnum“, segir hann.

Aðspurður segist Björn ekki telja að framkvæmd landsmótsins muni hafa áhrif á þá forgangsröðun verkefna sem mótuð hafi verið innan Ísafjarðarbæjar. „Það liggur fyrir að það verða minniháttar lagfæringar í kringum mótið en þau forgangsverkefni sem

er verið að tala um núna eru gervigrasvöllur á Torfnesi og íþróttaaðstaða á Suðureyri.“

Björn segist finna mikinn hug hjá bæjarstjórnarmönnum og öðrum sem koma að fram- kvæmd landsmótsins. „Þetta verður gott fyrir alla og á eftir að setja mikinn svip á bæjar- lífið. Svona verkefni þjappar öllum saman eins og við höf- um séð í kringum skíðalands- mótin í gegnum tíðina“, segir Björn Helgason. Séð yfir Torf- nessvæðið á Ísafirði með íþróttavöllum og íþróttahúsi

Ísafjarðarbær

Unnið að gerð upp- lýsingahandbókar

Gerð upplýsingahand- bókar fyrir Ísafjarðarbæ er í undirbúningi. Tilgangur hennar verður að kynna fyrir núverandi og væntanlegum íbúum bæjarins „nú tímalegt sveitarfélag þar sem um- hverfi og þjónusta eru á hæsta stigi“, að sögn Rúnars Óla Karlssonar, atvinnu- málafulltrúa Ísafjarðarbæ- jar.

Bókin verður gefin út í prentuðu formi en einnig er ætluin að birta efni hennar á vef Ísafjarðarbæjar. Ingi- björg Jónsdóttir, verkefni- stjóri handbókarvinnunnar, segir efni bókarinnar lúta að mestu leyti að opinberri stjórnsýslu.

Ætlunin er að kynna hin ýmsu svið hjá Ísafjarðarbæ, hvað fari þar fram og hvaða þjónustu þau veiti. Enn fremur er ætlunin að veita upplýsingar um aðra opin- bera starfsemi sem fram fer á svæðinu, eins og hjá Skatt-



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

stofunni og Tryggingastofn- un. Að auki verða kaflar um umhverfismál, menntun, menningu, íþróttir og útivist.

„Hugmyndin hjá okkur er að slá tvær flugur í einu höggi – að búa til handbók og eiga jafnframt upplýsingaefni sem hægt er að nota á vefnum. Markmiðið er að til sé gott kynningarefni. Við viljum auka upplýsingaflæðið til íbú- anna og stuðla þannig að opinni stjórnsýslu“, segir Ingibjörg.

Nokkuð mun vera um að

stærri sveitarfélög gefi út slíkar bækur. „Ég er með til hliðsjónar bækur frá Garða- bæ, Kópavogi og Reykja- nesbæ. Akureyrarbær hefur ekki gefið út svona bók en þeir eru með mjög góðan vef“, segir Ingibjörg.

Hennar fyrsta verkefni verður að safna saman upp- lýsingum víða að úr samfé- laginu hér og vill hún óska eftir góðu samstarfi við alla hlutaðeigandi. Stefnt er að því að bókin verði gefin út á vormánuðum.

Fólk er misjafnt og hver hefur sína leið

– segir Inga Ósk, dúxinn við jólaútskriftina í Menntaskólanum á Ísafirði

Engilráð Ósk Einarsdóttir er tvítug að aldri og fædd og uppalin á Ísafirði, dóttir hjónanna Jónínu Emilsdóttur og Einars Rósinkars Óskarssonar. Hún er kölluð Inga Ósk og segir það komið til af því að Engilráð langalangamma hennar hafi jafnan verið kölluð Inga. „Ég hef alltaf kynnt mig sem Ingu Ósk en núna verð ég að fara að nota nafnið Engilráð. Þessi nafnamál vilja rugla fólk í ríminu. Ég er líka orðin það gömul að það er tímabært að fara að virkja þetta virðulega nafn enda er það mitt skírnamafn“, segir Inga Ósk /Engilráð.

Inga Ósk virðist vera, í hárfinum hlutföllum, blanda á-ræðinnar ævintýrakonu og yfirvegaðrar skynsemisveru. Hún brautskráðist sem stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði nú um jólin – lífllátur dux scholae með einkunina 8,21. „Þetta er svona „allt í lagi“ einkunn held ég bara. Ég var ekkert með mjög góðar einkunnir úr Verzló en svo náði ég miklu betri prófum eftir að ég kom hingað í skólann. Ég hafði miklu meiri tíma eftir að ég kom vestur, bjó hjá mömmu og pabba og þurfti ekki að vera að stressa mig á hlutunum. Það fór líka talsvert mikill tími í það í Reykjavík að kynnst fólki og komast inn í samfélagið. Hérna í Menntaskólanum var ég líka að vinna á bókasafninu og þegar var rólegt þar, þá gat ég notað tímann til að læra.“

Að loknum grunnskóla fór Inga Ósk til náms við Verzlunarskóla Íslands og lauk þaðan verslunarprófi eftir tvo vetur. Leigði hún hjá frænku sinni fyrri veturinn en bjó ein þann seinni. „Það er svolítið erfitt að fara út í það 16 ára að ætla að fá góðar einkunnir í skólanum en vera líka að hugsa um heimilið og reyna að kynnst fólkinu í skólanum. Ég held að það sé annað flytja svona ef maður er orðinn átján, nítján eða tuttugu ára. Það fór líka heilmikil orka í að „fitta“ þarna inn í skólakúltúrin. Fyrsta árið var rosalega erfitt. En svo eignaðist ég eina góða vinkonu og fór þá að komast inn í hlutina. Seinna árið mitt var alveg frábært. Þá kynntist ég öllum og það var frábært að vera þarna“, segir Inga Ósk og kemur hlýlegur blær í röddina eins og maður heyrir þegar fólk rifjar upp síldarárin.

Andfætlingur í eitt ár

Næsta viðfangsefni Ingu Óskar var að gerast skiptinemi á Nýja-Sjálandi. En er ekki svo langt að fara þangað? „Jú Nýja-Sjáland er langt í burtu. Ég ætlaði að læra ensku og til greina kom að fara til Englands, Bandaríkjanna og Nýja-Sjálands. England var of stutt frá og Bandaríkin liggja það vel fyrir okkur Íslendingum að ég ákvað að það væri nægur tími til að heimsækja þau upp á eigin spýtur og nýta frekar þetta tækifæri til að komast á fjarlægari slóðir.“

– Maður hefur séð í sjónvarpinu að Ástralía er heit og þar fer fólk á brimbretti, en hvernig er Nýja-Sjáland?

„Landið skiptist í tvær eyjar, Norðurey og Suðurey. Á Norðureynni er hlýtt, þar er 20-30° hiti á sumrin og mikill gróður en Suðurey minnir meira á Ísland. Þar snjóar og þar eru fjöll. Þeir kannast við þetta sem hafa séð Lord of the Rings en hún var tekin þar. Ég bjó á Norðurey og var náttúrulega svo heppin að lenda á kaldasta staðnum þar“, segir Inga Ósk.

Hún undi vistinni vel þar sem hún bjó í ferðamannabænum Taupo en íbúafjöldinn þar sveiflast á milli 20 og 50 þúsunda eftir árstíðum. „Bærin er nokkurs konar miðstöð ævintýramennsku á Nýja-Sjálandi. Þar er stundað teygjusstökk, fallhlífastökk og allt í boði í þeim dúr. Það er alveg æðislegt.“

Inga Ósk segir skólavistina ytra hafa verið nokkuð framandi. „Þarna gengu krakkarnir í skólabúningum. Fyrri hlut þaðan verslunarprófi eftir tvo vetur. Leigði hún hjá frænku sinni fyrri veturinn en bjó ein þann seinni. „Það er svolítið erfitt að fara út í það 16 ára að ætla að fá góðar einkunnir í skólanum en vera líka að hugsa um heimilið og reyna að kynnst fólkinu í skólanum. Ég held að það sé annað flytja svona ef maður er orðinn átján, nítján eða tuttugu ára. Það fór líka heilmikil orka í að „fitta“ þarna inn í skólakúltúrin. Fyrsta árið var rosalega erfitt. En svo eignaðist ég eina góða vinkonu og fór þá að komast inn í hlutina. Seinna árið mitt var alveg frábært. Þá kynntist ég öllum og það var frábært að vera þarna“, segir Inga Ósk og kemur hlýlegur blær í röddina eins og maður heyrir þegar fólk rifjar upp síldarárin.

Aftur til Íslands

Þegar Inga Ósk kemur að utan var næsta mál á dagskrá að klára stúdentinn. „Ég sá pínulítið eftir því þegar ég kom að utan að fara ekki aftur í Verzló. Bæði út af því að mér finnst Verzlunarskólinn vera með virðulegustu skólum landsins og eins út af tengslunum við vini mína þar – þó að ég láti ekki 500 kílómetra aftra mér frá því að viðhalda vin-

skapnum. En ég var búin að ákveða að klára stúdentinn á einu og hálfu ári. Til þess þurfti ég að fara í áfangaskóla því að þau áform hefðu ekki gengið upp í bekkjarskóla eins og Verzlunarskólanum. Ég var ekki alveg viss hvort að ég ætlaði í skólann hérna eða hvort ég ætlaði aftur suður í MH eða FG. Ég ákvað að það væri miklu hagstæðara að fara í MÍ og það gekk mjög vel. Það er allt annað kerfi í VÍ en hérna en Gósi námsráðgjafa tókst að koma þessu öllu heim og saman“, segir hún.

– Hvað tekurðu þér svo fyrir hendur næst?

„Ég er að vinna núna í afleysingum við liðveislu en svo er ég að fara að vinna á þjónustudeildinni á Hlíf. Ég stefni að því að fara út í tvo mánuði núna í vor. Taka smá ævintýraferð“, segir Inga. Ekki er endanlega frágengið hvert á að fara en margar hugmyndir langt á veg komnar. Inga Ósk á vinkonur sem búa úti í Englandi og segist kannski ætla að heimsækja þær og spreyta sig á breska vinnumarkaðinum. Jafnvel komi til greina að vera „au-pair“ í Þýskalandi en í versta falli segist hún koma heim aftur eftir viku. Miðað er sett á háskólanám næsta haust og því viðeigandi að leggja út í Evrópureisu áður að hætta andfætlinga.

Háskólahöfuðverkur

Inga Ósk segist ekki alveg vera búin að ákveða hvaða nám hún taki sér fyrir hendur í haust eða hvaða háskóla eigi að sækja. „Ég hallast nú frekar að því að fara í Háskólann í Reykjavík en verkfræðideildin í Háskóla Íslands og lagadeildin koma líka vel til greina. Annars er svo margt að sem ég hef áhuga á og ég gæti alveg hugsað mér að lesa félagsfræði við tækifæri, það er svo margt sem mig langar til að prófa“, segir hún og bætir við að það sé alls ekki óhugsandi að hún verði kannski búin með tíu fög eftir þrjátíu ár.

„Það er mikill vandi að hér á Ísafirði er enginn háskóli og enginn háskóli nálægt okkur heldur. Fólk þarf oftast að flytja í burtu til að sækja háskóla. Atvinnulífið hérna hefur átt undir högg að sækja og háskólanám gæti því gert svæðinu mjög gott. Það gæti aukið aðdráttarafl staðarins og komið fleiru menntuðu fólki í umferð hérna, áður en allur ungdomurinn fer suður. Því að fólk sem vill koma hingað,



það fær kannski ekki vinnu við það sem það er menntað í eða jafnvel ekki eins há laun og það gæti fengið í fyrirtækjum og stofnunum í Reykjavík“, segir Inga Ósk.

– Hefurðu trú á því að sú gæti orðið tíðin að fólk færi að stunda fjarnám í miklum mæli strax á eftir menntaskólanum?

„Ég hef ekki trú á því. Ég held að það sé allt annað að vera í fjarnámi en að vera á staðnum. Hérna til dæmis er bara verið að kenna sum fög, þannig að það vantar meiri breidd í þetta. Það er alltaf verið að tala um þessa fólksandfætlingu, bæði stjórnmálamenn og aðrir. Það þarf að gera eitthvað í þeim efnum. Akureyri var bjargað með háskóla og nú er verið að reyna að bjarga Austfjörðum með Kárahnjúkavirkjun og álveri – hvað á að til bragðs að taka hérna“, segir Inga Ósk og greinilegt er að undir búa sterkar meiningar.

– Hvað aðgerðir heldurðu að gætu haft áhrif á þetta?

„Ég hef nú ekki mikið þælt í því. Það er aðallega þetta háskólalæmi sem ég hef verið

að spá í. Ég held að ungt fólk vilji frekar sækja sína grunnmenntun hérna heima ef þess er kostur, bæði á framhalds- og háskólastigi, frekar en að sækja hana annað. Þegar þú ert búinn að búa hérna allt þitt líf og flytur síðan suður eða til Akureyrar, þá er það býsna erfitt. Þetta er svo mikil breyting. Ég held að krakkar sem eru 19 eða 20 ára viti varla hvað klósettappír kostar. En allt þetta, að kaupa klósettappír og kaupa í matinn, vera með fjárhagsáhyggjur og vera með íbúðaráhyggjur – allt þetta á sama tíma og þú ert að kynnst nýju fólki, nýju umhverfi og nýjum skóla. Það er mjög mikilvægt að fólk kynnist öðru umhverfi og að fólk fari og upplifi aðra hluti. En það þarf ekki að vera undir þessum kríngumstæðum.“

Út að læra og vonandi í hlýju landi

– Hvað sérðu fyrir þér í framtíðinni, hvernig heldurðu að þú verðir eftir 30 ár?

„Ég stefni nú að því að klára háskólann hérna heima fyrir þrítugt. Vonandi fer ég út til

að læra meira í framhaldi af því. Helst til hlýs lands. Það er svo kalt úti núna og ég hugsa meira og meira út til Nýja-Sjálands eftir því sem það verður kaldara hér. Svo kemur maður auðvitað heim til Íslands og vinnur vonandi við eitthvað sem maður hefur áhuga á. Stofnar heimili og allt það. Vonandi í þessari röð. – Finnst þér mikilvægt fyrir Ísland og Íslendinga að fólk læri og starfi erlendis?

„Mjög svo, ég held að það skipti ekki öllu máli að fólk sé eitthvað mjög lengi, bara að það sjái eitthvað meira en heimabæ sinn og Reykjavík. Sjái eitthvað nýtt og geri eitthvað nýtt. Það er til öðruvísi menning og öðruvísi fólk og ég held að það skipti máli að fólk sjái það og læri að upplifa það. Það er mjög leiðinlegt að heyra þegar fólk vill ekki sjá neitt eða gera neitt sem er nýtt og öðruvísi, heldur vill bara ganga lífið eftir fyrirfram viðurkenndum leiðum. Það veit ekki af hverju það er að missa. En fólk er auðvitað misjafnt og hver hefur sína leið“, segir Engilráð Ósk sem er jafnan kölluð Inga Ósk.

**Lausna leitað varðandi íþróttahús
og félagsheimili á Suðureyri**

Ráðist í endurbætur en ný salur byggður?

Nýskipaður starfshópur um byggingu íþróttahúss á Suðureyri og framtíðarnotkun félagsheimilisins á Suðureyri kom saman til fyrsta fundar fyrir stuttu.

Fram kom á fundinum, að lágmarkskrafa um stærð íþróttakennsluhúsnæðis væri 15x20 m. Ákveðið var að óska eftir úttekt á núverandi húsa- kosti félagsheimilisins á Suðureyri með tilliti til breytinga og halda annan fund þegar niðurstöður hennar liggja fyrir, sem gæti orðið í þessari viku. Rætt var um ýmsar hugsanlegar lausnir varðandi byggingu íþróttahúss og framtíð

og nýtingu félagsheimilisins á Suðureyri.

Þar má nefna að fjölnotahús verði á skólalóð, íþróttahús á skólalóð og félagsheimili verði látin óhreyfð, núverandi salur félagsheimilisins verði rifinn og byggður nýr salur ásamt búningaðstöðu sem myndi nýta stæði sem samkomusalur og íþróttasalur, og loks að núverandi salur félagsheimilisins verði stækkaður ásamt því að búningaðstaða verði lagfærð eða endurbýggð.

Í lok fundarins var farið í vettvangsskoðun í félagsheimilið á Suðureyri.

Teigahverfið í Hnífsdal

Tillögur að nýtingu hverfisins lagðar fram

Pétur Jónsson landslagsarkitekt hefur gert frumtillögur að nýtingu Teigahverfis í Hnífsdal, sem á sínum tíma var skilgreint sem hættusvæði vegna snjóflóða. Teigahverfið er hverfi nokkurra einbýlishúsa vestan árinna og nýjasti hluti byggðarinnar í Hnífsdal. Síðan hættumatið gekk í gildi hefur ekki verið heimilt að búa þar yfir vetrarmánuðina. Fáein hús hafa verið tekin af grunnum og flutt brott. Forsendur Péturs eru þær, að þau hús sem eftir eru skuli vera þar áfram sem sumarhús. Markmiðið er að bæta ásjúnd svæðisins og auka notagildi þess með bættri aðstöðu til útivistar.

Meginhugmyndir Péturs eru í stórum dráttum þessar: Við Félagsheimilið er gert

ráð fyrir tjaldsvæði og hjólhýsasvæði. Möguleiki er á að nota bílskur sem stendur næst tjaldsvæðinu sem þjónustuhús eða kaupa tilbúið hús til þeirra nota. Lega Smárateigs og Fitjateigs verði óbreytt frá því sem nú er. Grunnar sem eftir standa verði fjarlægðir og landið jafnað og tyrft eða sáð í það. Ofan við núverandi sumarhús er gert ráð fyrir stóru grassvæði til boltaleikja eða annarrar útiveru. Ofan þess svæðis er gert ráð fyrir trjárækt og verði gróður sem fjarlægja þyrfti af svæðinu fluttur þangað. Neðan sumarhúsa er gert ráð fyrir völlum fyrir handbolta og hjólabretti.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur óskað eftir áliti Íbúasamtaka Hnífsdals á hugmyndum Péturs.

Kristján Ívar Sigurðsson í Hnífsdal

Hyggst opna söluturn og myndbandaleigu

Kristján Ívar Sigurðsson sem búsettur er í Hnífsdal hefur spurst fyrir um það hjá umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að starfrækja söluturn og myndbandaleigu að Strandgötu 5 í Hnífsdal. Umhverfisnefnd bendir á vankanta vegna skorts á bílastæðum en hefur falið byggingarfulltrúa að setja málið í grenndarkynningu meðal íbúanna, sem mun væntanlega taka nokkrar vikur. „Ég reikna með því að það gangi. Fólk hefur varla neitt við svona framtak að athuga“, segir Kristján.

Hann kveðst aldrei hafa staðið í rekstri af þessu tagi,

„en einu sinni er allt fyrst. Maður verður varla ríkur á þessu en það hefur alltaf verið einhver verslun í Hnífsdal í gegnum tíðina. Búðin sem þar var gekk reyndar ekki. Ég er að gera mér hugmyndir um sjoppu sem væri með kannski brauð og mjólk og myndbönd gæti lukkast frá klukkan fimm eða svo og fram eftir kvöldi“, segir Kristján Ívar Sigurðsson.

Engin verslunarrekstur hefur verið í Hnífsdal síðustu árin. Húsið Strandgata 5 stendur rétt við aðalveginn fyrir neðan brekku. Á sínum tíma var Bakki hf. með skrifstofur í þessu húsi og á fyrri tíð mun Kaupfélag Ísfirðinga hafa rekið þar útibú.



Pönnukökur og rapp á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík

Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins var haldið á Hótel Sögu á föstudagskvöld og voru skemmtiatriði með veglegra móti. Helga Braga Jónsdóttir vakti geysilega kátinu og góðar undirtektir fengu einnig rappararnir í XXX Rottweilerhundum sem létu samfélagsrýni flæða í rímum. Ræðumaður kvöldsins var Jón Aðalbjörn Bjarnason en Heimir Már Pétursson var veislustjóri. Hljómsveitin Pönnukökur með rjóna sá síðan til þess að gestir gætu svalað dansþörfinni. Ólafur Hannibalsson, formaður Ísfirðingafélagsins, segir mætingu hafa verið gífurlega góða: „Það var vel mætt í fyrra og enn betur núna. Þetta virðist vera að sækja í sig veðrið eftir að við fluttum okkur aftur út á Sögu.“ Myndirnar sem hér fylgja tók Kristján Örn Kristjánsson á Sólarkaffinu 2003.





Vel á þrölja hundrað manns á þorrablót Bolvíkinga

Gömlu góðu hefðirnar í hávegum hafðar

Þorrablót Bolvíkinga var haldið í Víkurbæ á laugardaginn. Mæting var með besta móti en um 230 manns voru samankomnir yfir trogunum. Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, formaður skemmtinefndar, segir þorrablótíð jafnan vera mikla hátíð í Bolung-

arvík. Þar eru það konurnar sem bjóða á þorrablót og er skilyrði að mæta í íslenskum búningi. Karl mönnum er gert að vera í svörtum fötum og margir klæðast íslensku þjóðbúningunum við þetta tækifæri. Guðrún segir gömlu góðu hefðirnar vera

í gildi á blótinu en samkvæmt venju verða þör að vera í sambúð til að fá að koma. Mikil leynd hvílir jafnan yfir skemmtiatriðunum en þar er tekið á ýmsum málum í bæjarlífinu. Var það mál manna að þau hefðu hitt rækilega mark

að þessu sinni sem oft áður og hlaut ellefu kvenna skemmtinefndin mikið lof fyrir. Myndirnar sem hér fylgja tók ljósmyndari BB á fagnadinum. Fleiri myndir verða birtar á Ljósmyndavefnum á bb.is á næstu dögum.



Fjöldi skráðra brota endurspeglar virkni lögreglunnar á Ísafirði

Þegar tölfræði um afbrot í lögregluumdæmum landsins á árinu 2001 er skoðuð, vekja nokkur frávík í Ísafjarðarumdæmi frá landsmeðaltali sérstaka athygli. Skráð kynferðisbrot eru langt yfir meðaltali og hlutfallslega fleiri en í nokkru öðru umdæmi. Áfengislagabrot eru einnig langt yfir landsmeðaltali og hlutfallslega svipaður og í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði, þar sem þau eru flest.

Þessar upplýsingar eru meðal þess sem fram kemur í afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra fyrir árið 2001. Ólíkar skýringar eru á þessum frávikum eftir því um hvaða málaflokk er að ræða.

Fjöldi skráðra brota í einstökum málaflokkum á tiltekinn fjölda íbúa er í flestum tilvikum mjög misjafn eftir umdæmum. Þannig er fjöldi umferðarlagabrota og sektarboða vegna þeirra hlutfallslega langmestur í umdæmum lögreglunnar á Blönduósi og í Borgarnesi. Innan þeirra eru mjög fjölfarnir kaflar á Þjóðvegi 1 þar sem mikið er um hraðakstur og mikið eftirlit

með aksturshraða. Í þeim málaflokki er umdæmi lögreglunnar á Ísafirði nokkuð undir landsmeðaltali og nánast með sama hlutfall og Reykjavík.

Varðandi hlutfallslega mikinn fjölda skráðra kynferðisbrota hjá lögreglunni á Ísafirði árið 2001 er þess að geta, að slíkt mál eru afar fá í samanburði við ýmsa aðra málaflokka, svo sem umferðarlagabrot og áfengislagabrot. Þess vegna geta fáein mál sem upp koma á stuttum tíma breytt miklu um hlutföllin og sveiflur eru miklar milli ára. Að baki hinu háa hlutfalli kynferðisbrota sem skráð eru í Ísafjarðarumdæmi árið 2001 eru „aðeins“ 7 mál en brotin 14. Í sumum málum geta verið fleiri en eitt brot en tölfræðin í þessum flokki byggist á fjölda skráðra brota en ekki fjölda mála. Til samanburðar má geta þess, að samkvæmt bráðabirgðaskráningu fyrir árið 2002 eru kynferðisbrota-málin 4 en brotin 7, þannig að þar er helmings fækkun milli ára.

Að sögn Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, sýslumanns og lögreglustjóra á Ísafirði, voru auk þess brotin í þremur af málunum sjö sem skráð



Sigríður Björk Guðjónsdóttir. voru í Ísafjarðarumdæmi árið 2001 framin í öðrum umdæmum. Ástæður fyrir slíkr skráningu eru þær, að brotapolar hafa verið búsettir hér í umdæminu þegar kára var lögd fram og því hafa brotin komið til kasta lögreglunnar á Ísafirði. Sá eðlismunur er á kynferðisbrotamálum og fíkniefnamálum, að í síðara tilvikinu ræðst fjöldi skráðra mála mjög af virkni lögreglunnar en í fyrra tilvikinu lítt eða ekki. Þó má ætla, að því meira traust sem borgarnir bera til lögreglunnar eða einstakra lögreglumanna, þeim mun meiri líkur séu til þess að brotapolar leiti til lögreglunnar vegna slíkra mála.

Skýringuna á miklum fjölda skráðra áfengislagabrota í

Ísafjarðarumdæmi er að verulegu leyti að finna í þeirri vímuvarnastefnu sem unnið er eftir hjá embættinu, að sögn lögreglustjóra. Lögreglan á Ísafirði hefur góðar gætur á ungmennum og hefur í mörgum tilvikum ekið ölvuðum unglingum heim til sín. Slíkt kemur fram í tölfræðinni sem áfengislagabrot og jafnframt er hvert slíkt atvik tilkynnt til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Þegar lögreglan tekur áfengi af unglingum og hellir því niður er það einnig skráð. „Fyrst og fremst sýnir þetta virkni lögreglunnar í þessum málum og hversu vel hún fylgist með unglingunum“, segir Sigríður Björk. Hún telur að í sjálfu sér sé ekki meira um ölvun eða ölvunarbrota í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði en gengur og gerist, heldur endurspeglir fjöldi skráðra mála hversu mikil áhersla er lögd á að huga að velferð ungmenna.

Hinn mikli fjöldi fíkniefnamála er af svipuðum toga. „Þessar tölur bera fyrst og fremst vitni um frumkvæðisvinnu lögreglunnar hér og þá áherslu sem lögd er á þennan málaflokk“, segir Sigríður Björk. „Ekki er endilega um mikið magn fíkniefna að ræða



Lögreglustöðin á Ísafirði.

í hverju máli heldur fylgist lögreglan grannt með og hefur afskipti af mörgum“, segir hún.

Eins og fram kemur í tölfræðiskýrslu Ríkislögreglustjóra eru fíkniefnalagabrot að mörgu leyti frábrugðin öðrum brotaflokkum. Þar segir að þau mál séu „í flestum tilvikum tengd frumkvæðisvinnu lögreglunnar. Fjöldi fíkniefnabrota segir því ekki til um stöðu fíkniefnamála í samfélaginu, en gefur þess í stað mynd af áherslum í löggæslu hverju sinni“, segir í skýrslunni. „Þetta er rósín í hnappagatið hjá okkur“, segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Fróðlegt verður að sjá skýrslu Ríkislögreglustjóra fyrir nýliðið ár hvað fíkniefnabrot varðar og samanburð milli umdæma. Á árinu 2001 voru skráð mál 21 og brotin 29, sem er eins og áður segir meðal þess mesta sem gerist á landinu miðað við íbúafjölda. Samkvæmt bráðabirgðaskrá fyrir árið 2002 eru málin hins vegar 37 og brotin 40, þannig að fjölgunin er veruleg milli ára.

Eins og áður sagði er fjöldi skráðra umferðarlagabrota hjá lögreglunni á Ísafirði nokkuð undir landsmeðaltali. „Ég fæ

margar kvartanir út af sektargerðum vegna umferðarlagabrota. Ég varð því ákafllega glöð að sjá í skýrslunni hvernig við stöndum í þessum málaflokki. Að mínum dómi sýnir þetta að afskipti lögreglunnar eru hófleg“, segir lögreglustjóri.

Samanlagður fjöldi skráðra hegningarlagabrota og umferðarlagabrota hjá lögreglunni á Ísafirði er mjög nálægt landsmeðaltali. Hins vegar er flokkurinn „Öll önnur brot“ langt fyrir ofan landsmeðaltal og reyndar er Ísafjarðarumdæmi þar með hæsta hlutfallið. Í þeim flokki eru bæði áfengislagabrot og fíkniefnabrot og þar á meðal afskipti af börnum og unglingum. Þar er einnig sitthvað sem tengist sjómennsku og útgerð.

„Þetta sýnir virkni lögreglunnar hér, fyrir utan alla aðstoðina sem lögreglan veitir borgurum og kemur hvergi fram nema í dagbókinni á hverjum degi. Það er mikið hringt og komið til lögreglunnar til að biðja um aðstoð af ýmsu tagi. Ég held að fólkið hér upplifi lögregluna sem jákvæðan þátt í samfélaginu. Að minnsta kosti vona ég það“, segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður.

Gámabjónusta Vestfjarða ehf. á Ísafirði

Snjóblásari fyrir gangstéttir og stíga kominn í gagnið

Ragnar Ágúst Kristinsson hjá Gámabjónustu Vestfjarða notaði tækifærið á miðvikudag í síðustu viku og prufukeyrði nýtt moksturs- og snjóblásturstæki á gangstéttum Ísafjarðar. Nokkuð er síðan hann fékk vélina en hafði ekki fengið tækifæri til að reyna hana vegna snjóleysis.

„Þetta virkar þrælfint og ég er mjög ánægður með útkomuna. Ég finn ekki annað á fólki í bænum en að það sé þrælánægt með þetta líka því að nú er hægt að ganga á gangstéttunum hér alveg tandurhreinum.“ Moksturstækið er aðallega hugsað fyrir gangstéttir og göngustíga. Það er ekki nema 1,70 m á breidd og hentar því vel þar sem þröngt er. Auk þess er tækið liðstýrt en það bætir verulega eiginleika þess til þess



Ragnar ryður og blæs á gangstéttinni við Bókhöðuna á Ísafirði.

að taka beygjur.

„Ég get keyrt á þessu í kringum ljósastaur“, segir Ragnar. Aðspurður segist hann ekki eiga í neinum vand-

ræðum með að moka í kringum svokallaða „kratatitti“ í miðbæ Ísafjarðar, en það eru lágir staurar meðfram akbrautum við Silfurtorg.

„Kratatittirnir standa ekkert í vegi fyrir okkur íhaldsmönnum lengur“, segir Ragnar Ágúst Kristinsson.

Sigurður Pétursson ráðinn til verksins

Alþýðusamband Vestfjarða hefur ráðið Sigurð Pétursson sagnfræðing á Ísafirði til að rita sögu sambandsins og verkalyðsfélaga á Vestfjörðum. Fyrsta verkefni hans er að safna saman gögnum um sögu verkalyðsfélaga á Vestfjörðum og kanna aðrar heimildir sem til eru um starf verkalyðssamtaka á svæðinu. Ætlunin er að gefa síðar út rit sem hefur að geyma sögu Alþýðusambands Vestfjarða

og aðildarfélaga þess. Reiknað er með að verkefnið taki tvö til þrjú ár. Saga verkalyðssamtaka er samofin sögu byggðar og atvinnulífs á Vestfjörðum á nýliðinni öld. Merkar heimildir um þessa sögu má finna í fórum verkalyðsfélaganna á hverjum stað. Jafnframt er ljóst að ýmsar heimildir um starf félaganna og umsvif má finna hjá félagsmönnum og forystumönnum félaganna eða afkomendum



Sigurður Pétursson.

þeirra. Á síðasta þingi ASV var samþykkt að láta rita sögu sambandsins og aðildarfélaga þess. Stjórn sambandsins skipaði þriggja manna nefnd til að fylgja málinu eftir. Hana skipa Karítas Pálsdóttir, Helgi Ólafsson og Lilja Rafney Magnúsdóttir. Sigurður Pétursson hefur þegar hafið störf og hefur aðstöðu í Verkalyðshúsinu að Pólgötu 2 á Ísafirði. Verkalyðshreyfingin á Vestfjörðum á sér langa og merki-lega sögu. Með þéttbýlis-myndun í kjölfar skútuúterðar, vélbáta og fiskverkunar myndaðist þéttbýli víða á Vestfjörðum og þar með grundvöllur fyrir samtökum verkafólks. Fyrsta verkalyðsfélag á Vestfjörðum var stofnað árið 1906 á Ísafirði en það lognaðist fljótlega út af eftir vinnudeilu við stærstu atvinnurekendur í bænum. Frá því að félög verkamanna og sjómanna voru stofnuð á Ísafirði árið 1916 hafa verkalyðssamtökin látið til sín taka á Vestfjörðum. Félög voru stofnuð á flestum þéttbýlisstöðum Vestfjarða milli 1920 og 1930 en önnur nokkru síðar. Áður höfðu verið stofnuð félög á stöðum eins og Bíldu-



Skrifstofa verkalyðsfélaganna að Pólgötu 2.

dal og Bolungarvík sem störfuðu skamma hríð. Þá voru stofnuð félög sem heyra sögunni til í Arneshreppi og Sléttuhreppi. Öll eiga þessi félög sér merka sögu í tengslum við atvinnuhætti og félagsmál síðustu áratuga, og komu við sögu í flestum stórmálum sem varða þjóðarsöguna. Mikilvægt er að fá ábend-

ingar um hvers konar gögn, fundargerðabækur, bréf eða önnur skjöl sem snerta starfverkalýðssamtakanna til að fylla inn í þá heildarmynd sem saga hreyfingarinnar verðskuldar. Allir sem kunna að hafa vitneskju eða aðgang að slíkum heimildum eru hvattir til að hafa samband við Sigurð Pétursson eða skrifstofu ASV

á Ísafirði eða í síma 456 5190. Ennfremur væri mikill fengur að því að fá vitneskju um myndefni sem sýnir verkafólk, karla og konur, til sjós og lands við vinnu sína, í frístundum eða á samkomum, frá hinum ýmsu stöðum á Vestfjörðum. Nánari upplýsingar veita Karítas Pálsdóttir og Sigurður Pétursson.

Lukkupottur SKG veitinga á Ísafirði

Fyrsti vinningshafinn dreginn út

Þórlaug Ásgeirsdóttir á Ísafirði er fyrsti vinningshafinn sem dreginn er út í lukkupotti SKG veitinga á Ísafirði. Það voru Karl Ásgeirsson og Snorri Bogason matreiðslumeistarar sem afhentu Þórlaugu forláta gjafaöskju með rauðvíni og hvítvíni frá Ernesto & Julio

Gallo sem mun vera einn stærsti og öflugasti vínframleiðandi í heimi. SKG veitingar opnuðu fyrir skömmu nýjan vef og af því tilefni var netklúbbum hleyppt af stokkunum. Í hverjum mánuði er heppinn netklúbbsfélagi dreginn úr lukkupottinum og er því til nokkurs að vinna.



Karl og Snorri afhenda Þórlaugu vínöskjuna.

STAKKUR SKRIFAR

Sértæk byggðastefna fyrir Vestfirði?

Óneitanlega velta menn upp ýmsum möguleikum varðandi framtíð Vestfjarða. Stöðug fækkun fólks á Vestfjörðum er staðreind. Engu að síður hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða ætlaðra til þess að tryggja byggð og auðvelda mannlíf á Vestfjörðum. Það er einkar athyglisvert að skoða áhrif bættra samgangna á íbúabróun. Vestfjarðagöng voru umdeild utan héraðs á sínum tíma. Ýmsir andstaðingar þeirra vildu meina að verið væri að kasta fé á glæ með þessari jarðgangagerð. Ekki verður undir það tekið hér. Hins vegar er fróðlegt að athuga hvort göngin hafi yfirleitt haft nokkur áhrif á þróun byggðar. Hefur tilvist þeirra haft í för með sér betri nýtingu húsnæðis og mannafla í opinberri þjónustu? Er ekki enn andstaða við að færa skólalahlid saman á Ísafirði? Er ekki jafnraðis fremur gætt með því að veita öllum nemendum í sama árgangi sömu kosti til náms og félagsstarfs? Flestir munu væntanlega svara þessari spurningu játandi. En einhverjir, jafnvel margir, munu hika við þegar að því kemur að skólalahlid í næsta nágrenni við heimili þeirra kunni að leggjast af. Sama er uppi á teningnum varðandi heilbrigðisþjónustu. Þess má geta hér, að viðskiptalífið hefur þegar tekið mark af Vestfjarðagöngum og stöðugt fleiri sækja verslun til Ísafjarðar. En aðrar kröfur eru gerðar til opinberra þjónustu. Um leið og íbúum fækkar stanslaust verður krafan um vetrarfæran uppbyggðan veg til Reykjavíkur háværari. Sú krafa er eðlileg, en kann að hafa holan hljórn. Eitt brýnasta verkefni sveitar-

stjórna á Vestfjörðum er að taka nú ærlega til hendinni og skoða í kjöllinn hverra úrræða sé völ. Sameining Bolungarvíkur, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps er orðin brýn nauðsyn. Að minnsta kosti verður ekki undan því vikist að framkvæmd verði úttekt af hálfu óháðs aðila um kosti hennar og galla. Hið allra fyrsta verður að hefja skoðun á því hvort og hvernig byggðastefna tekst í öðrum löndum. Norðmenn hafa beitt ýmsum sértækum brögðum til þess að fá fólk til að setjast að utan Suður-Noregs, en þar safnast fjöldinn saman. Enda er um alþjóðlega þróun að ræða. Einnig væri hægt að líta til Svíþjóðar og Finnlands, tveggja samstarfsríkja Íslendinga í Norðurlandaráði. Fyrir rúmum 16 árum átti Ísafjarðarkaupstaður tvo fulltrúa í kynnisferð á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga til Skotlands, til Hálandanna og Eyjanna, en sérstök stofnun sér um byggðamál fyrir þann landshluta. Þar eins og annars staðar í Norður-Evrópu er tilhneigingin sú, að fólk þyrpist til suðurhlutans. Flestir Skotar búa í Glasgow og nágrenni. Engin merki sér þessarar farar í stefnumörkun Ísafjarðarbæjar. Hinu verður ekki neitað, að þrátt fyrir Vestfjarðagöng hefur íbúum fækkað jafnt og þétt, að minnsta kosti ef hlutfall af íbúum hvers árs er skoðað. Það má því ljóst vera að móta þarf áhrifaríka áætlun. En ekki nóg með það – hún verður að hafa stuðning og styrk frá ríkisstjórn og Alþingi. Það er frumskilyrði. Ella er til lítills barist. Framtíðarsýnin verður að vera skýr.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

SPURNINGIN

Spurt var:

Ertu hlynn(ur) því að Bandaríkjamenn geri innrás í Írak?

Alls svöruðu 673. Já sögðu 169 eða 25,11% Nei sögðu 504 eða 74,89%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Námskeiðaröðin
Ýtt úr vör



ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
VESTFJARÐA

Markaðsmál

Fyrirlesturinn verður haldinn 30. janúar nk. kl. 20:00 í sal Þróunarseturs Vestfjarða, Árnagötu 2-4, Ísafirði.

Farið verður yfir:

Grunnatriði markaðsfræði.
Markaðsrannsóknir.
Markaðsstefnu.
Hönnun markaðsáætlunar.



Fyrirlesari verður Shiran Þórisson.

Námskeiðið kemur til með að nýtast öllum þeim sem þurfa að afla sér grunnþekkingu á markaðsmálum.

Námskeiðið kemur til með að kosta kr. 2.500.- (Innifalið í verðinu eru námsgögn). Skráning er í síma 450 3000. Einnig er hægt að skrá sig og fá frekari upplýsingar með tölvupósti. Sendið póst á shiran@atvest.is

Hraðbanki okkar hefur verið fluttur úr anddyri landsbankans í verslunarmiðstöðina Neista



Landsbankinn


Frábær þorramatur



TILBOÐ Á
FRESCHETTA PIZZUM



KYNNING FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG



SAMKAUP

Hafnarstræti 9-13 • Sími 456 5460

helgar dagbókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

smáar

Til sölu er notað en vel með farið Burton Chopper snjóbretti, stærð 122 cm með Burton bind-ingum og Rossignol skóm, stærð US6. Gott fyrir krakka og ungl-inga. Verð kr. 18 þús. Uppl. í síma 456 4261 á kvöldin.

Til sölu er Hyundai Pony árg. 94. Billinn er mikið endurnýjaður og í toppstandi. Verð 150 þús. Uppl. í síma 869 3150.

Vegna uppsetningar á Söngva-seiði vantar okkur gamaldags skó, spariföt á bæði kynin og kvenhatta. Hafið samband við Tótu í Rammagerðinni í síma 456 3041.

Til sölu er MMC L-300, átta manna sendibíll, 4x4, árg. 89, ekin 200 þús. km. Upplýsingar í síma 868 4080 e. kl. 16.

Til sölu er 2ja herb. íbúð á 2. hæð í suðurenda að Strandgötu 5 í Hnifsdal. Íbúðin er 55,6m² og ásett verð er kr. 1.500.000. Uppl. í síma 896 0524.

Óska eftir að kaupa ca. 90 cm löng skíði. Upplýsingar í síma 456 7564.

Þorrláblót Hnifsðælinga verður haldið laugardaginn 1. febrúar í Félagsheimilinu í Hnifsdal. Miðar verða seldir í félagsheimilinu á morgun, fimmtudag kl. 20.

Til sölu er rúmlega ársgamall Fender Stratocaster rafmagnsgítar, víðarlitur og íharðri tösku. Mjög vandaður gítar. Verð kr. 100 þús. Uppl. í símunum 863 3801 og 456 3160.

Skotiþróttafélag Ísaflarðarbæjar heldur aðalfund fimmtudaginn 30. janúar kl. 20:00 á Hótel Ísafríði. Fjölmenni!

Áttu gítar í geymslunni? Ef svo er, hafðu þá samband við Siggu Þrastar í síma 456 4542.

Til sölu er MMC Lancer station árg. 1997. Selst með eiginlega ofmiklum afsætti. Athuga skipti á öðyrari bíl. Upplýsingar í síma 862 4279.

Nagladekk af stærðinni 175-70, 13" óskast ódyrt. Uppl. í síma 456 3489.

Aðalfundur Tónlistarfélags Ísaflarðar verður haldinn í Hörmur, Austurvegi 11, fimmtudaginn 30. janúar kl. 20:00. Venjuleg aðalfundarstörf, tónlistaratriði og kaffiveitingar. Félagar fjölmenni! Nýir félagar velkomnir. Stjórinn.

Til leigu er stór 5 herb. íbúð á eyrinni á Ísafríði. Uppl. gefur Jón í síma 896 3387.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á Ísafríði. Uppl. í símunum 456 4212 og 893 1769.

Óska eftir skrifborði og stól, gefins eða fyrir lítinn pening. A sama stað er til sölu tvíur barnavagnar. Uppl. í síma 456 6769.

Til sölu eru 4 stk. lítið notuð negld vetrardekk, 31", fyrir 16" felgur. Passa t.d. á Land-Cruiser. Uppl. í síma 696 7316.

Óska eftir ódyrum gítar. Uppl. í síma 456 4541.

Óska eftir ódyrum rafmagnsbassa. Uppl. í síma 821 2690.

Óska eftir notuðum tölvuskjá, 14-17", ódyrum eða gefins. Uppl. í síma 898 6328.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 31. janúar

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknaðalsfréttir
18.00 Þekkóla (3:52)
18.30 Falin myndavél (55:60)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Furdulegur föstudagur. (Freaky Friday) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1977 um mæður sem lyndir illa. Einn furdulegan föstudag ranka þær við sér hvor í annarrar líkama og af því verða ýmis ævintýri. Aðalhlutverk: Barbara Harris og Jodie Foster.

21.50 Af fingrum fram. Jón Ólafsson spjallar við íslenska tónlistarmenn og sýnir myndbrot frá ferli þeirra. Gestur hans í þættinum í kvöld er Sigtryggur Baldursson trommuleikari sem einnig hefur brugðið sér í gervi söngvarans Bogomils Fouts.
22.40 Dóttir D'Artagnans. (La fille de d'Artagnan) Frönsk bíómynd frá 1994. Sagan hefst árið 1654 í klaustri í Suður-Frakklandi þar sem Eloise, dóttir hins fræga Artagnans býr. Hún má ekkert aumt sjá og þegar forystununnan er tekin af lífi kraumar í henni reiðin. Aðalhlutverk: Sophie Marceau, Philippe Noiret, Claude Rich, Sami Frey, Jean-Luc Bideau, Raoul Billerey og Charlotte Kady.
00.45 Borgarlöggan. (Metro) Spennu-mynd í létum dúr frá 1997 um eltingar-leik samningamanns lögreglunnar við bankaræningja og morðingja. Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Kim Miyori, Art Evans, James Carpenter og Michael Rapaport. e.

02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 1. febrúar

09.00 Morgunundin okkar
09.02 Mummi bumba (5:65)
09.07 Andarteppa (5:26)
09.19 Bingur (5:13)
09.26 Malla mús (45:52)
09.33 Undrahundurinn Merlín
09.52 Lísá (20:21)
09.57 Babar (60:65)
10.25 Harry og hrukkudýrin (5:7)
10.50 Viltu læra íslensku? (4:22)
11.10 Kastljósið
11.35 Geimskipið Enterprise
12.20 Mósáik
12.55 20. öldin (6:8)
13.40 At

14.15 HM í handbolta. Bein útsending frá fyrri undanúrslitaleiknum.
16.25 Smart spæjari (19:22)
16.50 Táknaðalsfréttir
17.00 HM í handbolta. Bein útsending frá seinni undanúrslitaleiknum.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Lottó
19.40 Kastljósið
20.00 Laugardagskvöld með Gísla
20.45 Spaugstofan
21.15 Í þagnarfröjum. (Locked in Silence) Sjónvarpsmynd frá 1999. Átta ársveitadrengrur finna lík af vini bróður síns. Bróðirinn bannar honum að segja frá því og þá ákveður sá stutti að hætta að tala. Aðalhlutverk: Bonnie Bedelia, Bruce Davison, Dan Hedaya og Marc Donato.

22.45 Dauðir forsetar. (Dead Presidents) Bandarísk bíómynd frá 1995 um ungann blökkumann sem berst í Víetnam en leiðist úr á glæpabrautina eftir að heim kemur. Aðalhlutverk: Larenz Tate, Keith David og Chris Tucker.
00.40 Eilífur hiti. (Forever Fever) Gamannmynd frá 1998 um ungann pilt sem verður gagntekinn af disköðinu 1977. Aðalhlutverk: Adrian Pang og Medalline Tan. e.

02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 2. febrúar

09.00 Morgunundin okkar
09.01 Disneyundin
09.55 Bubbi byggir (15:26)
10.12 Kobbi (13:14)
10.25 Franklín (51:65)
10.50 Nýjasta tækni og vísindi
11.05 Vísindi fyrir alla (4:48)
11.15 Spaugstofan
11.40 Laugardagskvöld með Gísla
12.25 Mósáik
13.00 Bauhaus-hreyfingin
13.50 Af fingrum fram
14.35 HM í handbolta. Bein útsending frá leiknum um þriðja sætið.
16.30 Stundin okkar
17.00 Táknaðalsfréttir
17.10 HM í handbolta. Bein útsending frá úrslitaleiknum.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Tuttugasta öldin (7:8)
20.55 Göngin (1:2) (Der Tunnel) Þýsk

mynd í tveimur hlutum byggð á sannri sögu. Hassó Herschel og þrír vinir hans voru níu mánuði að grafa 135 metra löng göng á milli Vestur- og Austur-Berlínar árið 1962. Seinni hluti myndarinnar verður sýndur sunnudaginn 9. febrúar. Aðalhlutverk: Heino Ferch, Nicolette Krebitz, Alexandra Maria Lara og Sebastian Koch.

22.30 Helgarsportíð
22.55 Holdlegt samband. (Une liaison pornographique) Frönsk kvikmynd frá 2001. Sjónvarpsmaður fær karlmann og konu á fimmtugsaldri til þess að segja frá kynnum sínum í gegnum smáauglýsingu. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa börnum yngri en 16 ára. Aðalhlutverk: Nathalie Baye og Sergi Lopez.
00.20 Kastljósið
00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 31. janúar

06.58 Ísland í bítíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítíð
12.00 Neighbours
12.25 Í finu formi
13.00 The Education of Max
14.35 Fugitive (5:22)
14.25 Jag (5:24)
15.15 60 mínútur II
16.00 Barnatími Stóðvar 2
16.45 Kalli kanína
16.55 Barnatími Stóðvar 2
17.20 Neighbours
17.35 Buffy, the Vampire Slayer
18.30 Fréttir Stóðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Friends 1 (21:24)
20.00 Friends (5:24)
20.25 Off Centre (11:22)
20.50 The Osbournes (11:30)
21.20 Fóstbræður 5 (2:7)

21.45 Driven. (Yfirkeyrður) Það gengur fát upp hjá þakpaktstúshetjunn Jimmy Bly þessa dagana. Hann þýkir í hópí efnilegustu ökuþóra í heimi en í söfustu mótum hefur einbeitingin ekki verið í lagi. Þetta er hið versta máli því í keppnis-tímabilið er hálfnað og vonir um meistaratílinn dvína. Keppnislið Jimmys sé bara eitt til ráða og það er að kalla gamla kempu til hjálpar. Aðalhlutverk: Sylvester Stallone, Burt Reynolds, Kip Pardue.
23.45 The Faculty. (Kennaraliðið) Herrington-mennaskólinn er í niðurnöflu, bókurnar úreltar og kennarnir áhuga-lausir. Þrátt fyrir þetta íðar skólinn af lífi og fjórir, fullur af ungmennum sem eiga fullt í fangi með ólgandi hornötna og skilningslausa foreldra. En nemandur Herrington munu brátt reka sig á vanda-mál sem veldur því að allt sem þeir hafa hingað til þurft að glíma við verður smá-væglegt. Aðalhlutverk: Piper Laurie, Salma Hayek, Jordana Brewster.
01.15 Instant. (Mannskpeinn) Mann-fræðingurinn Ethan Powell hvarf við ramnskóknir sínar í frumskógunum Afríku en birtist á ný tveimur árum síðar þegar hann reðst á hóp görilluveiðimanna. Hann er vistaður á geðveikrahæli þar sem sálfræðingnum Theo Calder er falið að komast til botns í hegðun hans en Ethan reynt hafa búið með görillum söstisliðum tvö ár. Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Donald Sutherland, Cuba Gooding Jr.

03.25 Friends 1 (21:24)
03.45 Ísland í dag, íþróttir og veður
04.10 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 1. febrúar

08.00 Barnatími Stóðvar 2
11.50 Bold and the Beautiful
13.30 Viltu vinna milljón?
14.20 Alltaf í boltanum
14.45 Enski boltinn. Bein útsending.
17.05 Sjálfstætt fólk
17.40 Eg lífi... (3:3) (Vestmannaeyja-gosið 1973) Stórbróttin heimildamynd í þremur hlutum um eldgosíð á Heimaey árið 1973. Fjallað er um nóttina örlaga-ríku í janúar, fólksflutningana, björgun-araðgerðir, lífið í landi og uppbyggingu í Vestmannaeyjum.
18.30 Fréttir Stóðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Say It Isn't So. (Það er ekki satt) Rómantísk gamanmynd. Josephine Wingfield er stóra ástin í lífi Gilberts Noble. Hann hefur aldrei verið hamingjusamari en gleði hans breytist í mar-tröð þegar hann fréttir að Josephine sé systir hans. Þau hætta auðvitað saman en síðar kemst Gilbert að því að Josephine er ekki systir hans. Þá er Josephine á leið í hnapphelduna með öðrum manni en Gilbert er staðráðinn í að vinna hjarta

Gamanmynd með Heather Graham



Heather Graham og Chris Klein leika aðalhlutverkin í rómantísku gamanmyndinni Say It Isn't So sem Stöð 2 sýnir kl. 19:30 á laugardagskvöld. Josephine Wingfield er stóra ástin í lífi Gilberts Noble. Hann hefur aldrei verið hamingjusamari en gleði hans breytist í martröð þegar í ljós kemur að Josephine er systir hans. Þau hætta auðvitað saman en síðar kemst Gilbert að því að hún var ranglega sögð vera systir hans. Josephine er nú á leið í hnapphelduna með öðrum manni en Gilbert er staðráðinn í að vinna hjarta hennar á nýjan leik.

hennar á nýjan leik. Aðalhlutverk: Chris Klein, Heather Graham, Orlando Jones, Sally Field.

21.05 The Musketeer. (Skyttan) Stór-skemmtileg ævintýra- og hasarmynd. Hér er á ferðinni klassískt ævintýri í nýju- um búningi. Sögusviðið er Frakkland á 17. öld. Það ríkir ólga í þjóðfélaginu og margir vilja koma valdhöfunum frá. Hinn vopnfími D'Artagnan vill komast í úrvalssveit varliða við hiriðna. Hann er ekki rekin afm af tómi föðurlands- ást því D'Artagnan leitar morðingja for- eldara sína. Aðalhlutverk: Justin Chambers, Catherine Deneuve, Mena Suvari, Stephen Rea, Tim Roth.

22.50 Hollow Man. (Huldumaðurinn) Spennu-mynd sem fær hárin til að rísa. Hrokagikkurinn Sebastian Caine er afar snjall vísindamaður. Hann er að þróa efni sem gerir mönnum kleift að verða ósýnilegir. Caine er sjálfur tilraunaðyr í þessum rannsóknum og svo fer að honum tekst ætlanarverk sitt. Auka- verkanir eru hins vegar slæmar. Caine tekst ekki að verða sýnilegur aftur og hið nýja efni hefur jafnframt mjög slæm áhrif á skapgerð hans. Aðalhlutverk: Elizabeth Shue, Kevin Bacon, Josh Brolin, Kim Dickens.

00.40 True Crime. (Dauðadómur) Spennu-mynd með úrvalsleikurum. Rannsóknarblaðamanninum Steve Ever- ett er ætlað að taka síðasta viðtalið við Frank Beachum sem biður dauðadóms. Everet hefur glímt við vandræði í einka- lifinu og virðist ekki rétti máðurinn til að taka að sér svo krefjandi verkefni. Hann verður þó fljót gagnetkinn af viðfangs- efninu og við frekari rannsókn vakna miklar efásemdir. Getur verið að Beach- um verði tekinn af lífi fyrir glæp sem hann framið ekki? Aðalhlutverk: Clint Eastwood, Isaiah Washington, Denis Leary, James Woods, Lisa Gay Hamilton.

02.40 The Jack Bull. (Skepnukapla) Sannsguleg kvikmynd sem gerist í villta vestrinu. Myrl Redding er hrossabóndi sem lendir upp á kant við starfsbróður sinn, Henry Ballard. Myrl sakar Henry um illa meðferð á skepnunum og málið fer fyrir dómara sem tekur afstöðu með ákærðra. Þrátt fyrir úrskurðinn er málinu hvergi nærri lokið en baráttuáðferðirnar verða sífellt ógæðfelldari. Aðalhlutverk: John Cusack, John Goodman, L.Q. Jones.

04.35 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 2. febrúar

08.00 Barnatími Stóðvar 2
11.35 Veröldin okkar
12.00 Neighbours
13.50 Nightstalker
14.40 Normal, Ohio (4:12)
15.00 Let's Ruin Dad's Day
16.40 The Naked Chef (5:6)
17.10 Einn, tveir og elda
18.30 Fréttir Stóðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Viltu vinna milljón?
20.20 Sjálfstætt fólk
20.50 Twenty Four (2:24) Hörkuspenn- andi myndaflokkur sem gerist á einum sóláhring. Kiefer Sutherland leikur leyniþjónustumanninn Jack Bauer sem leggur líf sitt að veði fyrir fósturjörðina.

Þáttaröðin fékk tvenn Emmy-verðlaun 2002 og Kiefer Sutherland var valinn besti leikari í dramahlutverki á Golden Globe hátförinni.
21.35 Boomtown (2:22) (Englaborgin) Rannsóknarlöggummar eru í kapphlaupi við tímann í von um að ná að stöðva ást- sjúkan morðingja sem leikinn er af Mi- chael Dunn.

22.20 60 mínútur
23.05 Falcone. Þessi mynd er byggð á sannsgulegum atburðum og fjallar um saksóknarann Giovanni Falcone sem sagði ítölsku mafíunni stríð á hendur. Hann fékk fyrirverandi mafíósa til liðs við sig og saman tókst þeim að senda yfir þrjú hundruð þrjóta í fangelsi áður en Falcone var myrtur árið 1992. Aðal- hlutverk: Anna Galiena, Chazz Palm- inter, F. Murray Abraham.

00.45 Sliding Doors. (Lestin brunnar) Ovenjuleg mynd sem vekur spurningar um hvernig hversdagsleg atvik geta orðið til þess að líf manns tekur stakkaskiptum. Líf Helenar verður allt í einu tvískipt á lestarstöð daginn sem hún er rekin úr vinnunni. Helen sem tekur lestina lifir hamingjuríku lífi eftir það en hin sem

missir af lestinni lifir við blekkingu og óhamingju. Aðalhlutverk: John Lynch, Gwyneth Paltrow, John Hannah.
02.20 Silent Witness (4:8) (Þögluð vimi) Sam og Leo nálgast hið rétta í máli fjöl- skyldunnar sem var myrt. grunar leikur á að sonurinn sé hinn séki, en málið flækist enn meir.

03.10 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 31. janúar

18.00 Sportíð með Olís
18.30 Trans World Sport
19.30 Football Week UK. Nýjustu fréttir- innar úr enska boltanum.
20.00 4-4-2. Snorri Már og Þorsteinn J. fjalla um enska og spænska fótboltann, Meistaradeildina og allt markvert sem gerist í þessum hasarleik tuttugu og tveggja leikmanna. Þetta er þáttur fyrir þá sem vita allt um fótbolta og líka þá

SPORTIÐ Í BEINNI...



Sjónvarpið

Laugardagur 1. febrúar kl. 14:15
HM í handbolta: Fyrri undanúrslitaleikurinn
Laugardagur 1. febrúar kl. 17:00
HM í handbolta: Síðari undanúrslitaleikurinn
Sunnudagur 2. febrúar kl. 14:35
HM í handbolta: Keppt um 3ja sætið
Sunnudagur 2. febrúar kl. 17:10
HM í handbolta: Úrslitaleikurinn

Sýn

Miðvikudagur 29. janúar kl. 19:45
Enski boltinn: Liverpool – Arsenal
Sunnudagur 2. febrúar kl. 13:45
Enski boltinn: West Ham – Liverpool
Sunnudagur 2. febrúar kl. 16:00
Enski boltinn: Aston Villa – Blackburn

Stöð 2

Laugardagur 1. febrúar kl. 14:45
Enski boltinn: Southampton – Manchester United / Arsenal – Fulham



Kaffi Ísafjörður

Bistro bar

Litill á 200 kr.

Frítt inn alla helgina

Trúbadorinn Einar Örn

laugardagskvöld

sem vita lítið sem ekkert.
21.00 Yesterday's Target. (*Strax í garð*) Hörsuspennandi mynd um nokkra tímaflakkara sem eru í mikilvægum leiðangri. Þeir hafa allir misst minnið og ferðin er í uppnámi. Og til að bæta gráu ofan á svart virðast þeir ekki lengur komast úr einu tímabelti yfir í annað. *Aðalhlutverk: Daniel Baldwin, Stacy Haiduk, Malcolm McDowell.*
22.30 South Park 6 (17:17)
23.00 4-4-2
00.00 Red Blooded. (*Klekkjakyndið*) Spennumynd. Trent er á heimleið í kærkomið frá skólanum. Á leiðinni hittir hann hina óútreiknanlegu Miyu, stúlku sem vilar ekkert fyrir sér. Miyu beitir ýmsum brögðum til að fá sínu fram, sérstaklega heillar hún karlmann með kynþokka sínum og það kemur henni stundum í koll. *Aðalhlutverk: Kari Wuhrer, Kristoffer Ryan Winters, Burt Young, David Keith.*
01.25 Bloodline. (*Arfurinn*) Dularfull sakamálamynd, byggð á sögu eftir Sidney Sheldon. Elizabeth Roffe erfir lyfjafyrirtæki en ekki virðast allir sátir með hinn nýja eigenda. Þetta er ein af síðustu myndunum sem Audrey Hepburn lék í.
03.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 1. febrúar

14.00 4-4-2. Snorri Már og Þorsteinn J. fjalla um enska og spenska fótbolta, Meistaradeildina og allt markvert sem gerist í þessum hasarleikuttugu og tveggja leikmanna. Þetta er þáttur fyrir þá sem vita allt um fótbolta og líka þá sem vita lítið sem ekkert.
15.00 Football Week UK. Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum.
15.30 Trans World Sport
16.30 Fastrax 2002
17.00 Toppleikur
18.50 Lottó
19.00 PSI Factor (19:22)
20.00 MAD TV. Geggiður grínþáttur þar sem allir fá það öþvegið. Þátturinn dregur nafn sitt af samnefndu skopmyndablaði sem notið hefur mikilla vinsælda.
20.45 Telling Lies In America. (*Lyga-saga*) Karchy er nýfluttur frá Ungverjalandi til Bandaríkjanna og reynir að venjast annarri menningu. Hann kynnist plötusnúðinum Billy Magic sem virðist vaða í peningum og kvenfólki. Karchy tekur hann sér til fyrirmyndar en fer heldur frjálsgla með staðreyndir til þess að auka hróður sinn. Nútímadæmisaga frá handritshöfundinum Basic Instinct. Joe Eszterhaz. *Aðalhlutverk: Brad Renfro, Kevin Bacon, Calista Flockhart.*
22.25 Hnefaleikar. Útsending frá hnefaleikakeppni sem fram fór í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Á meðal þeirra sem mættust voru Vernon Forrest og Ricardo Mayorga en í húfi var heimsmeistaratitillinn í veltvígt.
00.25 Scent. (*Illurinn*) Erótísk kvikmynd
01.50 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 2. febrúar

13.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *West Ham United* og *Liverpool*.
16.00 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Aston Villa* og *Blackburn Rovers*.
18.00 Saga HM. Rakín er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Svíþjóð árið 1958. Þar slógu Brasilfumenn skemmtilega í gegn en þeir teldu m.a. fram ungum leikmanni, Pelé, sem átti síðar eftir að heilla knattspyrnumennendur um allan heim með leikni sinni.

19.30 Football Week UK
20.00 Rejscholdet (16:16)
21.00 US PGA Tour 2003
22.00 Men With Guns. (*Byssumenn*) Dramatísk kvikmynd. Humberto Fuentes er augðurur leiknir sem er nýbúinn að missa eiginkonu sína. Hann gefur sér líftíma tíma til að syrgja og tekst á hendur krefjandi verkefni fullur eldmóðs. Fuentes vill koma málum til betri vegar í ónefndu landi í Suður-Ameríku en mætir miklum móþbyr. *Aðalhlutverk: Federico Luppi, Damián Delgado, Dan Rivera González.*
00.05 A Midsummer Night's Dream. (*Draumur á Jónsmessunótt*) Glæsileg nútímapuppferla á leikriti Williams Shakespeares. Uppfærslan er m.a. frá-brugðin þeirri hefðbundnu að því leyti að atburðarásin á sér stað í hugarheimi ungs drengs með fjögurð myndunarafi og dálæti á leyndardómum leikhúsanna. Leikstjórnir er í höndum Adrians Nobles sem er einn þekktasti Shakespeare-leikstjóri nútímans og aðalhlutverkin leika þrautreyndir leikarar breska konunglega Shakespeare-félagsins. *Aðalhlutverk: Lindsay Duncan, Alex Jennings, Desmond Barritt, Barry Lynch.*
01.45 Dagskrárlok og skjáleikur



Föstudagur 31. janúar

18:00 Cybernet (e)
18:30 Guinness World Records (e)
19:30 Dateline. Dateline er margverð-launaður, fréttaskýringabáttur á dagskrá NBC sjónvarpstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa unnið til fjölda viðurkenninga og eru nær alltaf á topp 20 listanum í Bandaríkjunum yfir áhorf í sjónvarpi.
20:30 Girlfriends. Gamanþáttur um fjórar vinkonur sem láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna og neita alfarið að skrifa upp áð að konur sér konum verstar.
20:55 Haukur í horni

21:00 Charmed. Pokkanornirnar þrjár eru umsetnar af illum öndum og öðrum verum frá handanheiminum en meðan þær standa saman er öllu hægt að bjarga.
22:00 Djúpa laugin
23:00 Everybody Loves Raymond (e)
23:30 The Wildest Police Videos (e). Er eins og nafnið gefur til kynna þáttur sem samanstendur af brjálæðislegustu upptökum amerísku lögreglunnar af raunverulegum atburðum! Og eins og við öll vitum er veruleikinn mun svakalegri en bíó eða sjónvarp
00:20 Jay Leno

Laugardagur 1. febrúar

13:00 Dateline (e)
14:00 Jay Leno (e)
15:00 Ladies Man (e)
15:30 Everybody Loves Raymond (e)
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 Listin að lífa (e)
18:00 Fólk með Sírrý
19:00 Dateline (e)
20:00 Leap Years
21:00 Kvikmynd
22:30 Law & Order CI (e) Í þessum þáttum er fylgst með störfum lögreglu-deildar í New York en einnig með glepamönnum sem hún elstist við Áhorfendur upplifa glæpinn frá sjónarhorni þess sem fremur hann og síðan fylgjast þeir með refsakáinni sem hefst er lögreglan reynir að finna þá.
23:20 Law & Order SVU (e)
00:10 Tvöfaldur Jay Leno (e)

Sunnudagur 2. febrúar

12:30 Silfur Egils
14:00 The Drew Carrey Show (e)
14:30 The King of Queens (e)
15:00 Charmed (e)
16:00 Judging Amy (e)
17:00 Innlit/útlit (e)
18:00 The Bachelor 2 (e)
19:00 Girlfriends (e)
19:30 Cybernet
20:00 Dateline
21:00 The Practice
21:50 Silfur Egils (e) Silfur Egils hefur fest sig í sessi sem mikils metinn vettvangur pólitískrar og málefnalegar umræðu.
23:20 Listin að lífa (e)

Hvað er að ske? Á helginni

31. jan - 3. feb.

Ísafjarðarbiói

AFTUR Í MEÐFERÐ



Robert DeNiro, Billy Crystal og Lisa Kudrow (Friends) eru mætt aftur í frábæru framhaldi af hinni geysivinsælu gamanmynd „Analyze This“

sunnudag kl. 8

mánudag kl. 8



2 fyrir 1

Og fullt af öðrum frábærum tilboðum

föstudags- og laugardagskvöld

veðrið

Horfur á fimmtudag: Vaxandi sunnanátt og þyknar upp, fyrst vestanlands, 13-18 m/s og slydda eða rigning sunnan- og vestanlands síðdegis. Hlýnar talsvert. Hiti 3-8 stig síðdegis, en minnkandi frost norð-austanlands.

Horfur á föstudag: Suðvestan 8-13 m/s og skúrir eða él, en léttir til á Norðaustur- og Austurlandi. Kólnandi veður.

Horfur á laugardag: Vestlæg eða breytileg átt og víða él. Frost 0-7 stig.

Horfur á sunnudag: Norðlæg átt og snjókoma eða él, en skýjað með köflum og úrkomulítið sunnanlands. Fremur kalt í veðri.

Horfur á mánudag: Norðlæg átt og snjókoma eða él, en skýjað með köflum og úrkomulítið sunnanlands. Fremur kalt í veðri.

kirkja

Ísafjarðarkirkja: Kirkjuskóli barnanna verður laugardaginn 1. febrúar kl. 11:00. Messa á sunnudag kl. 11:00. Prestur er sr. Magnús Erlingsson.

Hnífsdalskapella: Kirkjuskóli á sunnudag kl. 13:00.

Íbúð til sölu!

Til sölu er 4ra herbergja íbúð á 3. hæð að Stór-holti 7. Íbúðin er 117m² í góðu ástandi. Mjög fallegt útsýni. Upplýsingar í sínum 456 4643 og 899 0743.

Ertu búin(n) að tryggja þér áskrift?

Síminn er 456 4560.

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GÖRNUMSSON HDE

Mafnarstræti 1 - Ísafirði

Símar: 456 3940 & 456 3244

Fax: 456 4547 - Netfang: tryggvi@oner.is

Heimasíða: www.bb.is/tg



Höfum kaupendur að einbýlishúsi með bílskur

Einbýlishúsi

Hlíðarvegur 42: 183,2 m² raðhús á þremur hæðum, með sér íbúð í kjallari. Tilboð óskast

Sniðugata 11a: 150 m² einbýlishúsi á tveimur hæðum ásamt kjallari, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmiðað að ný. Verð 6,1 m.kr.

Úrðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishúsi á 2 hæðum ásamt bílskur, góðum garði, svölum og sólpalli. Stöpti á einni einni mið. Verð 13,5 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir

Aðalstræti 26a: 137,3 m² 3 herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt bílskur og eignarið. Verð 5,9 m.kr.

Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. Verð 9,5 m.kr.

Seljaðandvegur 20: 125,2 m² 4ra herbergja íbúð á nðri hæð í tvíbýlishúsi, garður fyrir framan hús og sól-pallur. Tilboð óskast

Sniðugata 7: 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 6,4 m.kr.

3ja herbergja íbúðir

Silfurgata 11: 74,1 m² 3ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýli. Íbúðin að mestu uppgerð. Tilboð óskast

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólf-

flötur, mikið rými í risi). Bjótt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Örnúlegu hagstæð í reitist. Álv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. Verð 4,5 m.kr.

2ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. Verð 5,8 m.kr.

Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. h. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. Verð 4,9 m.kr.

Brúngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallari og eignarið. Verð 4,5 m.kr.

Euglavegur 33: 50,4 m² íbúð á nðri hæð í tvíbýlishúsi Verð 4 m.kr.

Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4,6 m.kr.

Hlíðarvegur 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallari í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

Vitaustigur 19: 73,1 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m² bílgeymslu. Tilboð óskast

Einbýlishúsi

Aðalstræti 23: 150 m² gamalt einbýlishúsi á tveimur hæðum ásamt sólbúna og verðlaunum garði. Verð 4,5 m.kr.

Fasteignir í þessari aughlýsingu eru aðeins sýnishorn af söluáskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.bb.is/tg

MÍÐVIKUDAGUR 29. JANÚAR 2003

15

Ísafjarðarbær

Frumkvöðlar ársins tilnefndir

Senn má búast við því að atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar auglýsi eftir tilnefningum fyrirtækis eða frumkvöðuls ársins 2002. Í haust samþykkti nefndin tillögu Björns Davíðssonar, eins nefndarmanna, þess efnis að teknar verði upp viðurkenningar til fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri í Ísafjarðarbæ.

„Þetta er einfaldlega í samræmi við ákvæði í bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar. Í því felst að bærinn taki eftir því sem vel er gert

og meti að verðleikum. Ég held að það sé mjög hvetjandi að hafa árlega slíka veitingu viðurkenninga til þeirra sem skara fram úr og sýna frumkvæði og virkja þannig þetta ákvæði í bæjarmálasamþykktinni“, sagði Björn Davíðsson.

Í samþykktinni segir meðal annars um atvinnumálanefnd og verksvið hennar, að hún hafi það hlutverk að hvetja fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri, t.d. með veitingu viðurkenninga árlega.



Sædis ÍS 67 kemur lýsskipinu til aðstoðar.

Ljósmynd: Jón Þorgeir Einarsson.

Lýsskip í vandræðum í höfninni í Bolungarvík

Litlu munaði að skipið færi upp í grjótgarðinn

Við lá að erlent tankskip ræki upp í grjótið í krikanum við Lækjarsbyggjuna í Bolungarvík laust fyrir hádegi á fimmtudag í síðustu viku. Skipverjar misstu enda þegar verið var að snúa skipinu áður en leggja átti að. Bógskrúfan virkaði ekki og skipið rak að landi.

Lóðsbáturinn á Ísafirði hafði verið fenginn til Bolungarvíkur til aðstoðar vegna ókunnugleika skipstjórnenda en ekki vildi betur til en svo að hann fékk í skrúfunu. Reimar Vilmundarson skipstjóri á Sædís ÍS 67 í Bolungarvík hélt við skipið og hægt var að koma í það enda. „Þetta



Sun Trader komið að bryggju í Bolungarvík.

bjargaðist nú allt en það leit út fyrir um tíma að hann færi í grjótið. Það vildi til að hann var hægur þegar þetta átti sér stað“, sagði Reimar. Skipið mun ekki hafa tekið niðri.

Skipið sem nefnist Sun

Trader er skráð á Möltu og mun vera milli tvö og þrjú þúsund tonn að stærð og um 85 metra langt. Það tók um 1.700 tonn af lýsi hjá loðnubræðslunni Gná ehf. í Bolungarvík.

Stuttar af bb.is

Lítill drengur slasaðist illa

Alvarlegt slys varð síðdegis á sunnudag þegar sex ára gamall drengur lenti með handlegg í drifskafi dráttarvélar við Kirkjuból í Skutulsfirði. Drengurinn hlaut fimm brot á annarri hendi og var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði. Lögreglan og Vinnueftirlit ríkisins rannsaka vettvang, búnað og aðdraganda slyssins.

Fiskfarmur án yfirbreiðslu

Lögreglan á Ísafirði hafði í vikunni afskipti af öku-manni sem var að flytja fiskfarm milli staða á norðanverðum Vestfjörðum. Ökumaður þessi hafði ekki yfirbreiðslu yfir farminum, en slíkt er algjörlega ólöglegt. Fundið var að þessu ásamt öðru sem var ábótavant við flutninginn.

Flug alla daga um páska?

Vilji er til þess af hálfu Flugmálastjórnar að hafa opið á Ísafjarðarflugvelli föstudaginn langa og páskaðag ef flugrekandi óskar. „Það hefur aldrei staðið á því að hafa opið ef rétt er að málum staðið og ráðstafanir gerðar á eðlilegum tíma“, segir Guðbjörn Charlesson umdæmisstjóri. Arnór Jónatansson hjá Flugfélagi Íslands segir ekki vera búið að ákveða hvort flogið verði til Ísafjarðar þessa daga.

Enn vantar snjókomu

Á mánudag var ekki kominn nægur snjór á Skíðasvæði Ísfirðinga til að hægt væri að opna. „Það vantar enn snjókomu í tvo daga til að geta opnað“, sagði Jóhann Torfason, forstöðumaður skíðasvæðanna.

Ísafjarðarbær

Gerð nýs skjaldar- merkis á döfinni

Í framhaldi af þeirri málaleitan Björgunarsveitarinnar Bjargar á Suðureyri að fá að nota hið gamla skjaldarmerki Suðureyrarhrepps í merki sínu, sem greint er frá á öðrum stað í blaðinu í dag, hafa bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ ákveðið að gert verði nýtt skjaldarmerki fyrir bæjarfélagið.

Frá því að Ísafjarðarbær varð til við sameiningu sex sveitarfélaga árið 1996 hafa hin gömlu skjaldarmerki fjögurra þeirra verið notuð í einni röð sem merki hins nýja bæjarfélags. Á fundi bæjarstjórnar fyrir skömmu var samþykkt sú tillaga Birnu Lárusdóttur, forseta

bæjarstjórnar, „að hafinn verði undirbúningur að hönnun nýs skjaldarmerkis fyrir Ísafjarðarbæ. Bæjarráði falið að stýra verkinu og efna til samkeppni ef þurfa þykir“.

Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi lagði á fundinum fram tillögu um þetta mál en dró hana til baka eftir að tillaga Birnu kom fram. Hann lagði þar til að bæjarráði yrði heimilað „að efna til samkeppni um nýtt skjaldarmerki eða leggja til að eitt hinna fjögurra skjaldarmerkja, sem nú eru notuð af bæjarfélaginu, verði í framtíðinni skjaldarmerki bæjarins“.

Skoðanakannanir Fréttablaðsins um kjörfylgi stjórnmálaflokka í NV-kjördæmi

Mjótt á munum milli S-lista og D-lista


Fréttablaðið birti á mánudag samantekt úr þeim fjórum könnunum á fylgi stjórnmálaflokka sem blaðið hefur gert í þessum mánuði. Þar er fylgið m.a. reiknað eftir kjördæm-

um. „Í Norðvesturkjördæmi er hörð barátta milli fjórða manns Samfylkingar, Sigríðar Ragnarsdóttur, sem er kjördæmakjörin, og fjórða manns Sjálfstæðisflokksins, Guð-

jóns Guðmundssonar, sem er úti samkvæmt könnuninni. Einungis munar 81 atkvæði þar á milli. Kristinn H. Gunnarsson er uppbótarmaður samkvæmt könnuninni.“

Vegna þess að niðurstöðurnar eru meðaltal úr öllum könnunum taka þær ekki mið af þeirri þróun sem vart verður á tímabilinu á fylgi einstakra flokka. „Frjálslyndi flokkur-

inn tekur stökk í þessari könnun“, segir í Fréttablaðinu um þá nýjustu. „Flokkurinn nær nú aftur kjörfylgi sínu en fylgisaukningin tryggir þeim ekki þingmann.“



Hótel Ísafjörður 4. febrúar kl. 15:00 - 17:00

Hugur og EJS bjóða fyrirtækjum á Ísafirði og nágrenni á kynningu

